



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

2010/11





**Sinfóníuhljómsveit Íslands 2010 / 11**

Sinfóníuhljómsveit Íslands  
Háskólabíói við Hagatorg, 107 Reykjavík  
Sími 545 2500  
www.sinfonia.is

**Útgefandi:** Sinfóníuhljómsveit Íslands, ágúst 2010

**Ritstjóri:** Margrét Ragnarsdóttir

**Texti:** Árni Heimir Ingólfsson

**Hönnun og umbrot:** Jónsson & Le'macks

**Ljósmyndir:** Ari Magg o.fl.

**Myndskreytingar:** Inga María Brynjarsdóttir

**Prentun:** Litróf

Athugið að tilhögun tónleika, miðaverð og annað sem greint er frá í þessum bæklingi kann að breytast án fyrirvara. Nýjustu upplýsingar er ávallt að finna á vef Sinfóníuhljómsveitar Íslands, www.sinfonia.is

*„Þar sem orðunum sleppir  
tekur tónlistin við.“*

Heinrich Heine

AÐALSTYRKARADILAR

---

BORGUN



Morgunblaðið

Tónleikar	2010	Bls.
Upphafstónleikar	10.09	18
Mahler og Strauss	16.09	19
Faust spilar Stravinskíj	23.09	20
Ungsveitin	02.10	21
Porgy og Bess	07. & 08.10	22
Töfraflautan	23.10	24
Púsund og ein nótt	28.10	25
Páll Óskar og Sinfó	04. & 05.11	26
Chaplin-bíótónleikar	11.11	28
Tvöbíó með Chaplin	13.11	29
Eftirlætis klassík	18.11	32
Rómeó og Júlía	25.11	33
Petrenko stjórnar Mahler	02.12	34
Aðventutónleikar	11.12	36
Jólatónleikar	18.12	37

Tónleikar	2011	Bls.
Vínartónleikar	05., 06., 07. & 08.01	38
Ungir einleikarar	13.01	39
Kvikmyndatónlistarveisla	20.01	40
Myrkir músíkdagar	27.01	42
Stríð og friður	03.02	43
Svo mælti Zarabústra	10.02	44
Gerstein spilar Brahms	17.02	48
Rómantíska símfónían	24.02	49
Nornir og töframenn	05.03	50
Rússneska goðsögnin	10.03	52
Postnikova leikur Prokofíev	17.03	54
Osmo og Kroumata	24.03	55
Heyrðu mig nú!	25.03	56
Uppáhalds Tsjajkovskíj	07.04	58
Mozart og Brahms	14.04	59

Heimur tónlistar er svo fjölbreyttur og víðfeðmur að hann kemur sífellt á óvart. Flest þekkjum við af eigin raun þau óviðjafnanlegu hughrif og ánægju sem lifandi tónlist veitir okkur. Tónlist í litríkum og kraftmiklum flutningi dýpkar skynjun okkar, lyftir huganum og gefur okkur aukinn styrk til að takast á við amstur hversdagsins. Þess vegna kjósa sífellt fleiri að sækja tónleika og gera það að föstum þætti í sínu daglega lífi.

Símfóníuhljómsveit Íslands leggur sig fram við að flytja fjölbreytta tónlist, þar sem flestir finna eitthvað við sitt hæfi. Markmið okkar er að sem flestir heyri tónlist að sínu skapi í heillandi hljómi símfóníuhljómsveitar.



Dagskrá starfsársins er metnaðarfull og glæsileg í alla staði. Stórbrotin hljómsveitarverk eru á dagskrá, meðal annars eftir Beethoven, Bruckner og Sjostakovítsj, auk tveggja símfónía Gustavs Mahler, en um þessar mundir eru 150 ár liðin frá fæðingu þessa mikla meistara símfónískrar tónlistar. Framúrskarandi hópur hljómsveitarstjóra mun starfa með hljómsveitinni og þar er fremstur meðal jafningja rússneski hljómsveitarstjórinn Gennadíj Rosdestvenskíj, sem kalla má goðsögn í lifanda lífi. Hann hefur þegið stöðu aðalgestastjórnanda árið 2011 og mun stjórna tvennum tónleikum á starfsárinu. Fjöldi frábærra einleikara og einsöngvara mun koma fram, bæði erlendra og íslenskra. Staðarlistamaður þessa starfsárs er hinn heimskunni fiðluleikari, Isabelle Faust.

Auk hefðbundinna símfóníutónleika verður boðið upp á fjölbreytt úrval ólíkrar tónlistar. Hópur valinkunnra listamanna mun flytja Porgy & Bess eftir Gershwin, sem sameinar óperu, djass og söngleikjatonlist með einstökum hætti. Lofa má tilkomumikilli sýningu þegar vinsælasti poppsöngvari landsins, Páll Óskar, stígur á svið og flytur lög sín

með Símfóníuhljómsveitinni. Kvikmyndatónlist verða gerð góð skil, eins og vera ber á síðasta starfsári hljómsveitarinnar í Háskólabíói. Í kringum jóla og áramót verða hinir hátíðlegu aðventutónleikar og Vínartónleikar að sjálfsgöngu á sínum stað. Loks má nefna fjölskyldutónleikana vinsælu í Litla tónsprotanum, en þar verður meðal annars Töfraflauta Mozarts flutt í fjörlegri fjölskylduútgáfu.

Það ættu því allir að finna eitthvað við sitt hæfi hjá Símfóníuhljómsveitinni. Tímamót verða í lok starfsársins þegar hljómsveitin kveður Háskólabíó sem verið hefur heimkynni hennar í hálföld. Í nýju tónlistarhúsi hefst nýtt skeið og munum við þegar nær dregur kynna dagskrá hljómsveitarinnar í tengslum við opnun Hörpu vorið 2011.

Það er vel þess virði að kynna sér dagskrá Símfóníuhljómsveitarinnar og taka frá tíma fyrir tónleika í vetur.

Njótið vel og góða skemmtun.



## REGNBOGAKORT

*Þín eigin tónleikaröð með veglegum afslætti*

*Frábær kostur fyrir námsmenn og ungt fólk!*



Með **Regnbogakorti** ert þú listrænn stjórnandi á þínu heimili. Þú velur þá tónleika sem höfða helst til þín af 30 tónleikum starfsársins og tryggir þér gott sæti með góðum afslætti. Hægt er að kaupa **Regnbogakort** með í það minnsta fernum tónleikum eða fleiri, eftir því sem best hentar. Regnbogakortin veita **20% afslátt** af almennu miðaverði en **50% fyrir námsmenn og ungt fólk** upp að 25 ára aldri.

Verð á Regnbogakortum	-20%	-50%
4 tónleikar	12.480 kr.	7.800 kr.
5 tónleikar	15.600 kr.	9.750 kr.
6 tónleikar	18.720 kr.	11.700 kr.
7 tónleikar	21.840 kr.	13.650 kr.
8 tónleikar	24.960 kr.	15.600 kr.

## ÁSKRIFTARKORT

*Fast sæti í allan vetur*

*Áskrift er besta leiðin til að spara, tryggja sér gott sæti – og drífa sig af stað!*

- GUL TÓNLEIKARÖÐ**  
21.840 kr. sætaröð 1-20 19.040 kr. sætaröð 21-28
- RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ**  
21.840 kr. sætaröð 1-20 19.040 kr. sætaröð 21-28
- GRÆN TÓNLEIKARÖÐ**  
15.600 kr. sætaröð 1-20 13.600 kr. sætaröð 21-28
- LITLI TÓNSPROTINN**  
5.100 kr. á tónleikaröð 1.700 kr. á tónleika

**Áskrift** veitir þér **20-30% afslátt** af tónleikum í hverri röð og er jafnframt hvatning til að sækja reglulega tónleika. Áskrifandi biður ekki í röð í miðasölu fyrir tónleika, gengur alltaf að sæti sínu vísu og á forkaupsrétt að sætinu þegar áskrift er endurnýjuð. Hægt er að borga með léttgreiðslum og jafnframt fá áskrifendur 10% afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika og af gjafakortum Sinfóníunnar. Ein áskrift veitir 20% afslátt.

Tvær áskriftarraðir, t.d. Gul og Rauð, veita **25% afslátt**. Þrjár áskriftarraðir, Gul, Rauð og Græn, veita **30% afslátt**. Ath! Afsláttur er af almennu miðaverði.

Öllum áskrifendum verður boðið á glæsilega tónleika í Hörpu í vor.

### Nokkrar skemmtilegar tillögur að Regnbogakorti:

#### **Snjallir stjórnendur**

Ilan Volkov  
Yan Pascal Tortelier  
Vasily Petrenko  
Gennadij Rosdestvenskij  
Stefan Solyom  
Louis Langrée  
Bertrand de Billy  
Osma Vänskä

#### **Röð stórviðburða!**

Upphafstónleikar  
Porgy og Bess  
Páll Óskar og Sinfó  
Petrenko stjórnar Mahler  
Rússneska goðsögnin

#### **Sígildir slagarar**

Þúsund og ein nótt  
Eftirlætis klassík  
Rómeó og Júlía  
Svo mælti Zaráþústra  
Uppáhalds Tsjaikovskij

#### **Rússneska röðin**

Upphafstónleikar  
Rómeó og Júlía  
Stríð og friður  
Rússneska goðsögnin  
Postnikova leikur Prokofiev

#### **Sólistar í fremstu röð**

Emma Bell  
Isabelle Faust  
Robert Levin  
Kirill Gerstein  
Viktoria Postnikova  
Kroumata

## MIÐASALA

### Almennt miðaverð

3.900 kr. sætaröð 1-20  
3.400 kr. sætaröð 21-28

### Litli tónsprotinn

1.700 kr.  
Vinartónleikar / Páll Óskar og Sinfó  
4.700/4.400 kr.

### Þú kaupir miða eða áskrift á eftirfarandi hátt:

#### Í miðasölu

Miðasalan í Háskólabíói er opin virka daga frá kl. 9-17 og fram að tónleikum á tónleikadegi.

#### Í síma

Miðasölusíminn er 545 2500.

#### Á Netinu

Hægt er að kaupa miða á [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is) og endurnýja þar óbreytta áskrift.

#### Með tölvupósti

Sendu tölvupóst á [sinfonia@sinfonia.is](mailto:sinfonia@sinfonia.is)

Lau. 04.09.10 » 14:00

Fáðu forsmekk af tónleikum vetrarins.  
Opið hús í Háskólabíói.

Laugardaginn 4. september kl. 14.00 býður Sinfóníuhljómsveitin gestum og gangandi í opið hús í Háskólabíói þar sem skemmtilegir atburðir verða á dagskrá og efnisskrá vetrarins kynnt. Starfsfólk Sinfóníunnar mun jafnframt veita áhugasömum ráðgjöf og aðstoð við að velja

sér áskriftarleiðir eða raða saman skemmtilegum og spennandi Regnbogakortum. Miðasalan verður opin og hægt er að kaupa áskrift eða staka miða. Boðið verður upp á kaffi og með því. Ekki láta þessa skemmtilegu uppákomu fram hjá þér fara.

Ókeypis inn og allir velkomnir.

14:15

**Víkingur og Daniel**

Víkingur Heiðar og Daníel Bjarnason með Sinfóníunni í stóra salnum.

Athugið að salnum er lokað þegar tónleikar hefjast.

**Tónlistarsmiðja barnanna**

Tónlistarsmiðja barnanna í hliðarsal nr. 2, þar sem börnin skapa tónverk í sameiningu undir leiðsögn tónlistarkennara.

15:15

**Tobbi túba**

Sígilda ævintýrið um Tobba túbu með Tim Buzbee, túbuleikara SÍ, í aðalhlutverki.

Sögumaður: Trúðurinn Barbara.

**Spjallað við Víking**

Víkingur Heiðar og Árni Heimir tónlistarstjóri SÍ spjalla um lífið og listina í hliðarsal nr. 1.

*Skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna.*



Víkingur Heiðar Ólafsson



Trúðurinn Barbara

## GUL TÓNLEIKARÖÐ

21.840 kr. sætaröð 1-20 19.040 kr. sætaröð 21-28

Fyrir þá sem vilja heyra klassíska tónlist af ýmsum toga er **Gula röðin** góður kostur. Hér eru vinsæl hljómveitarverk af litríkara taginu í forgrunni, meðal annars ódauðleg ballettmúsík **Prokofievs** við **Rómeó og Júlíu, ástardauði Ísoldar** eftir **Wagner**, og litrík ævintýratónlist við **Sheherazade** eftir **Rimskij-Korsakoff**, sem byggir á ævintýrum úr **Þúsund og einni nótt**. Þá verður flutt tónaljóð **Richards Strauss** um ofurmennið **Zarapústra**, sem flestir þekkja úr kvikmyndinni **2001: A Space Odyssey**. Meðal einleikara í gulu röðinni eru fjórir íslenskir tónlistarmenn í fremstu röð og þýski fiðluleikarinn **Isabelle Faust**, sem hefur vakið feykilega athygli á undanförunum árum.

### 10.09.10 » UPPHAFSTÓNLEIKAR

- **György Ligeti**: *Rúmenskur konsert*
- **Franz Liszt**: *Mefistö-vals nr. 1 og Totentanz*
- **Sergei Rakmaninoff**: *Paganini-tilbrigði*
- **Ígor Stravinskij**: *Eldfuglinn, svíta*

**Ilan Volkov** hljómveitarstjóri  
**Víkingur Heiðar Ólafsson** einleikari

### 10.02.11 » SVO MÆLTI ZARAPÚSTRA

- **Richard Wagner**: *Forleikur og Ástardauði Ísoldar*
- **Hafliði Hallgrímsson**: *Sellókonsert*
- **Richard Strauss**: *Also sprach Zarathustra*

**Stefan Solyom** hljómveitarstjóri  
**Danjulo Ishizaka** einleikari

### 14.04.11 » MOZART OG BRAHMS

- **Carl Maria von Weber**: *Oberon, forleikur*
- **W.A. Mozart**: *Fiðlukonsert nr. 5*
- **Johannes Brahms**: *Sinfónía nr. 1*

**Michal Dworzynski** hljómveitarstjóri  
**Greta Guðnadóttir** einleikari

### 28.10.10 » ÞÚSUND OG EIN NÓTT

- **Maurice Ravel**: *La valse*
- **Béla Bartók**: *Viðlukonsert*
- **Nikolaj Rimskij-Korsakoff**: *Sheherazade*

**Petri Sakari** hljómveitarstjóri  
**Þórunn Ósk Marinósdóttir** einleikari

### 24.02.11 » RÓMANTÍSKA SINFÓNÍAN

- **W.A. Mozart**: *Fiðlukonsert nr. 4*
- **Anton Bruckner**: *Sinfónía nr. 4*

**Bertrand de Billy** hljómveitarstjóri  
**Isabelle Faust** einleikari

### 25.11.10 » RÓMEÓ OG JÚLÍA

- **Jean Sibelius**: *Elskhuginn (Rakastava)*
- **Felix Mendelssohn**: *Fiðlukonsert*
- **Sergei Prokofiev**: *Rómeó og Júlía, ballettsvíta*

**James Gaffigan** hljómveitarstjóri  
**Helga Þóra Björgvinsdóttir** einleikari

### 17.03.11 » POSTNIKOVA LEIKUR PROKOFÍEV

- **Nikolaj Miaskovskij**: *Sinfónía nr. 8*
- **Sergei Prokofiev**: *Píanókonsert nr. 2*
- **Sergei Prokofiev**: *Þættir úr Rómeó og Júlíu*

**Gennadij Rosdestvenskij** hljómveitarstjóri  
**Viktoria Postnikova** einleikari

## RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ

21.840 kr. sætaröð 1-20 19.040 kr. sætaröð 21-28

Hefur þú gaman af að heyra stóra símfóníuhljómveit í öllu sínu veldi leika kröftuga og áhrifamikla tónlist? Í **Rauðu röðinni** eru stór hljómveitarverk í forgrunni, meðal annars tvær símfóníur eftir **Gustav Mahler** í telfni þess að 150 ár eru liðin frá fæðingu hans. **Sinfónía nr. 8** eftir **Sjostakovitsj** lenti á svörtum lista sovéskra stjórnvalda en þykir nú eitt helsta meistaverk hans. Þá eru **Ófullgerða símfónía Schuberts** og **Sveitasinfónía Beethovens** í uppáhaldi hjá hlustendum um allan heim. Vert er að benda á að hljómveitarstjórnarnir eru allir í fremstu röð. Þar nægir að nefna **Osmo Vänskä** sem snýr aftur til Íslands eftir áralanga fjarveru, og **Gennadij Rosdestvenskij**, sem er goðsögn í lifanda lífi.

### 16.09.10 » MAHLER OG STRAUSS

- **Richard Strauss**: *Fjórir síðustu söngvar*
- **Gustav Mahler**: *Sinfónía nr. 1*

**Lionel Bringuier** hljómveitarstjóri  
**Emma Bell** einsöngvari

### 03.02.11 » STRÍÐ OG FRÍÐUR

- **Krzysztof Penderecki**: *Harmljóð fyrir fórnarlömb Hiroshima*
- **Dmitrij Sjostakovitsj**: *Fiðlukonsert nr. 1*
- **Witold Lutoslawski**: *Konsert fyrir hljómveit*

**Baldur Brönniman** hljómveitarstjóri  
**Ari Þór Vilhjálmsson** einleikari

### 24.03.11 » OSMO OG KROUMATA

- **Jón Leifs**: *Trilogía piccola*
- **Áskell Másson**: *ORA*
- **Ludwig van Beethoven**: *Sinfónía nr. 6*

**Osmo Vänskä** hljómveitarstjóri  
**Slagverkshópurinn Kroumata**

### 23.09.10 » FAUST SPILAR STRAVINSKÚJ

- **Maurice Ravel**: *Tombeau de Couperin*
- **Ígor Stravinskij**: *Fiðlukonsert*
- **César Franck**: *Sinfónía í d-moll*

**Yan-Pascal Tortelier** hljómveitarstjóri  
**Isabelle Faust** einleikari

### 17.02.11 » GERSTEIN SPILAR BRAHMS

- **Johannes Brahms**: *Píanókonsert nr. 2*
- **Robert Schumann**: *Sinfónía nr. 4*

**Louis Langrée** hljómveitarstjóri  
**Kirill Gerstein** einleikari

### 02.12.10 » PETRENKO STJÓRNAR MAHLER

- **Franz Schubert**: *Ófullgerða símfónían*
- **Gustav Mahler**: *Sinfónía nr. 5*

**Vasily Petrenko** hljómveitarstjóri

### 10.03.11 » RÚSSNESKA GOÐSÖGNIN

- **Alfred Schnittke**: *Fiðlukonsert nr. 4*
- **Dmitrij Sjostakovitsj**: *Sinfónía nr. 8*

**Gennadij Rosdestvenskij** hljómveitarstjóri  
**Alexander Rosdestvenskij** einleikari

## GRÆN TÓNLEIKARÖÐ

15.600 kr. sætaröð 1-20 13.600 kr. sætaröð 21-28

Þeir sem vilja heyra þekktu og vinsælu klassík af léttara taginu ættu að kynna sér **Grænu röðina**. Hún er tilvalin fyrir þá sem eru að stíga fyrstu skrefin inn í heim sígildrar tónlistar, en alvanir tónleikagestir finna þar líka margt við sitt hæfi. Helst ber að nefna ódauðlega tónlist **Gershwin-bræðra** við **Porgy and Bess**, sem verður flutt með sannkölluðu úrvalslíði einsöngvara. Harvard-prófessorinn **Robert Levin** leikur **Mozart** af sinni alkunnu snilld, **Christian Lindberg** stjórnar vinsælum verkum eftir **Tsjajkovskij**, og á aðventutónleikum Sinfóníunnar hljómar jólatónlist sem kemur öllum í hátíðarskap. Þá eru hinir bráðskemmtilegu **Vínartónleikar** ómissandi upphaf á nýju ári.

### 07. & 08.10.10 » PORGY AND BESS®

- **George Gershwin:** *Porgy and Bess*
- **Wayne Marshall** hljómveitarstjóri
- **Rodney Clarke** Porgy
- **Indira Mahajan** Bess
- **Angela Renée Simpson** Serena/Maria
- **Ronald Samm** Sportin' Life
- **Hljómeyki og Kór Áskirkju**
- **Magnús Ragnarsson** kórstjóri

### 05., 06., 07., & 08.01.11 » VÍNARTÓNLEIKAR

- *Vínartónlist eftir Johann Strauss yngri, Richard Strauss og fleiri, m.a. forleikur og aríur úr Leðurblökunni, hljómveitarsvíta úr Rósa-riddaranum, og Wien, Wien, nur du allein.*
- **Graeme Jenkins** hljómveitarstjóri
- **Hanna Dóra Sturludóttir** einsöngvari

### 18.11.10 » EFTIRLÆTIS KLASSÍK

- **Joseph Haydn:** *Sinfónía nr. 49 í f-moll, „Passione“*
- **W.A. Mozart:** *Píanókoncert í d-moll K. 466*
- **Ludwig van Beethoven:** *Sinfónía nr. 1 í C-dúr*
- **Giovanni Antonini** hljómveitarstjóri
- **Robert Levin** einleikari

### 07.04.11 » UPPÁHALDS TSJAJKOVSKÍJ

- **Pjotr Tsjajkovskij:** *Capriccio italien*
- **Pjotr Tsjajkovskij:** *Fiðlukonsert*
- **Pjotr Tsjajkovskij:** *Sinfónía nr. 5*
- **Christian Lindberg** hljómveitarstjóri
- **Mikhail Simonyian** einleikari

### 11.12.10 » AÐVENTUTÓNLEIKAR

- *Vinsæl jólalög og hátíðartónlist: Þættir úr Messíasi eftir Händel, Jólaóratóriu Bachs og eftirlætis jólasöngvar, m.a. Adeste fideles og Ó, helga nótt.*
- **Nicholas Kraemer** hljómveitarstjóri
- **Katherine Watson** einsöngvari
- **James Gilchrist** einsöngvari
- *Aðventutónleikarnir eru kl. 17:00 á laugardegi*

## LITLI TÓNSPROTINN

5.100 kr. á tónleikaröð 1.700 kr. á tónleika

**Litli tónspróttinn** er áskrift að góðri skemmtun fyrir alla fjölskylduna og gefur yngstu tónlistarunnendunum einstakt tækifæri til að kynna tónlistarinnar á klukkutímalöngum tónleikum. **Sígild ævintýri** eru á sínum stað og meðal annars verður **Töfraflautan** flutt í styttri útgáfu með sögumanni og ungum íslenskum einsöngvurum. **Nornir og töframenn** sýna hvað í þeim býr, kvikmyndirnar **Hundalíf** og **Iðjuleysingjarnir** eftir **Charlie Chaplin** verða sýndar með lifandi hljómveitartónlist og á **jólatónleikumum** hljóma vinsæl jólalög í bland við kafla úr **Hnotubróttum**. Tónleikarnir eru á laugardögum og hefjast klukkan 14:00.

### 23.10.10 » TÖFRAFLAUTAN

- **W.A. Mozart:** *Töfraflautan*
- **Bernharður Wilkinson** hljómveitarstjóri
- **Herdís Anna Jónasdóttir** Pamina
- **Sveinn Dúa Hjörleifsson** Tamino
- **Jón Svavar Jósefsson** Papageno
- **Tinna Árnadóttir** Papagena
- **Hrund Ósk Árnadóttir** Næturdrottningin
- **Halldóra Geirharðsdóttir** sögumaður

### 18.12.10 » JÓLATÓNLEIKAR

- **Leroy Anderson:** *Jólaforleikur*
- **Pjotr Tsjajkovskij:** *Þættir úr Hnotubróttum*
- *Vinsæl jólalög*
- **Bernharður Wilkinson** hljómveitarstjóri
- **Hera Björk Þórhallsdóttir** einsöngvari
- **Hlér Kristjánsson** einleikari
- **Nemendur úr Listdansskóla Íslands**
- **Skólakór Kársness**
- **Þórunn Björnsdóttir** kórstjóri
- **Halldóra Geirharðsdóttir** kynnrir

### 13.11.10 » HUNDALÍF

- **Charles Chaplin:** *Hundalíf*
- **Charles Chaplin:** *Iðjuleysingjarnir*
- **Frank Strobel** hljómveitarstjóri

### 05.03.11 » NORNIR OG TÖFRAMENN

- **Músorgskj/Ravel:** *Baba Jaga*
- **Edvard Grieg:** *Í höll Dofrakonungs*
- **H.K. Gruber:** *Rottusöngur úr Frankenstein*
- **Gustav Holst:** *Töframaðurinn Úranus*
- **Manuel de Falla:** *Töframaðurinn Amor*
- **John Williams:** *Tónlist úr Harry Potter*
- **Richard Wagner:** *Valkyrjureiðin*
- **Bernharður Wilkinson** hljómveitarstjóri
- **Bergþór Pálsson** söngvari
- **Halldóra Geirharðsdóttir** kynnrir





## ÝMSIR TÓNLEIKAR

Sjö spennandi tónleikar

Auk fastra tónleikaraða eru **ýmsir spennandi tónleikar** í boði á starfsárinu. **Páll Óskar** syngur vinsælustu lög sín eins og honum einum er lagið. Þá verður kvikmynd **Chaplins, Borgarljós**, flutt með lifandi tónlist og perlur kvikmyndatónlistar hljóma auk þess undir stjórn **Benjamins Shwartz**. Þar má nefna tónlist **Jonny Greenwood** úr **Radiohead** sem var notuð í Óskarsverðlaunamyndinni **There Will Be Blood** frá árinu 2007. **Daniel Bjarnason** stjórnar nýjum íslenskum einleikskonertum á **Myrkum músíkdögum** og á tónleikum **Ungsveitar SÍ** leika yfir 80 íslenskir tónlistarnemar undir stjórn **Rumons Gamba**.

### 02.10.10 » UNGSVEIT SÍ

- **Modest Músorgskij:** *Nótt á nornagnípu*
  - **Pjotr Tsjajkovskij:** *Sinfónía nr. 4*
- Rumon Gamba hljómsveitarstjóri

### 03., 04. & 05.11.10 » PÁLL ÓSKAR OG SINFÓ

- *Lög úr Silfursafni Páls Óskars í glæsilegum hljómsveitarútsetningum, m.a. Betra líf, Allt fyrir ástina og Þú komst við hjartað í mér.*
- Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri  
Páll Óskar Hjálmtýsson einsöngvari

### 11.11.10 » CHAPLIN-BÍÓTÓNLEIKAR

- **Charles Chaplin:** *Borgarljós (City Lights)*
- Frank Strobel hljómsveitarstjóri

### 13.01.11 » UNGIR EINLEIKARAR

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri  
Sigurvegarar úr einleikarakeppni SÍ og Listaháskóla Íslands

### 20.01.11 » KVIKMYNDATÓNLISTARVEISLA

- *Tónlist úr frægum kvikmyndum, m.a. kaflar úr Psycho eftir Bernard Herrmann, Cinema Paradiso eftir Ennio Morricone og Guðföðurnum eftir Nino Rota. Auk þess verður flutt Popcorn Superhet Receiver eftir Jonny Greenwood úr Radiohead sem var í Óskarsverðlaunamyndinni There Will Be Blood frá árinu 2007.*
- Benjamin Shwartz hljómsveitarstjóri

### 27.01.11 » MYRKIR MÚSÍKDAGAR

- **Daniel Bjarnason:** *Birting*
  - **Steingrímur Rohloff:** *Konsert f. bassaklarínett*
  - **Finnur Torfi Stefánsson:** *Fíðlukonsert*
  - **György Ligeti:** *Atmosphéres*
- Daniel Bjarnason hljómsveitarstjóri  
Rúnar Óskarsson einleikari  
Sigrún Eðvaldsdóttir einleikari

### 25.03.11 » HEYRÐU MIG NÚ!

- **Steve Reich:** *Drumming*
- Slagverkshópurinn Kroumata og félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands

Í maí og júní verður glæsileg opnunardagskrá í Hörpu. Efnisskrá verður kynnt síðar.

## TÓNLEIKAKYNNINGAR VINAFÉLAGSINS

Öflugt bakland Sinfóníuhljómsveitar Íslands

## Munið Vinafélagskynninguna í Neskirkju!

Súpa og spjall um verkin á tónleikunum á Kaffitorginu í Neskirkju kl. 18 á tónleikadegi.

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur það að markmiði að efla áhuga á starfi hljómsveitarinnar og rækta tengsl þeirra sem bera hag hennar fyrir brjósti. Félagið stendur fyrir sjö tónleikakynningum á starfsárinu, þar sem **Árni Heimir Ingólfsson** tónlistarstjóri SÍ kynnir efnisskrárnar í tali og tónum. Auk þess geta gestir keypt ljúffenga súpu og kaffi. Kynningarnar fara fram á **Kaffitorginu í Neskirkju** og hefjast **kl. 18 á tónleikadegi**. Allir geta orðið meðlimir í vinafélaginu. Skráning fer fram á vef Sinfóníunnar eða á skrifstofu SÍ. Árgjald er 2.000 kr.



### 10.09.10 » UPPHAFSTÓNLEIKAR

- **György Ligeti:** *Rúmenskur konsert*
  - **Franz Liszt:** *Mefistó-vals nr. 1 og Totentanz*
  - **Sergei Rakmaninoff:** *Paganini-tilbrigði*
  - **Igor Stravinskij:** *Eldfuglinn, svíta*
- Ilan Volkov hljómsveitarstjóri  
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

### 18.11.10 » EFTIRLÆTIS KLASSÍK

- **Joseph Haydn:** *Sinfónía nr. 49 í f-moll, „Passione“*
  - **W.A. Mozart:** *Píanókonsert í d-moll K. 466*
  - **Ludwig van Beethoven:** *Sinfónía nr. 1 í C-dúr*
- Giovanni Antonini hljómsveitarstjóri  
Robert Levin einleikari

### 02.12.10 » PETRENKO STJÓRNAR MAHLER

- **Franz Schubert:** *Ófullgerða sinfónían*
  - **Gustav Mahler:** *Sinfónía nr. 5*
- Vasily Petrenko hljómsveitarstjóri

### 03.02.11 » STRÍÐ OG FRÍÐUR

- **Krzysztof Penderecki:** *Harmljóð fyrir fórnarlömb Hiroshima*
  - **Dmitrij Sjostakovitsj:** *Fíðlukonsert nr. 1*
  - **Witold Lutoslawski:** *Konsert fyrir hljómsveit*
- Baldur Brönniman hljómsveitarstjóri  
Ari Þór Vilhjálmsson einleikari

### 10.02.11 » SVO MÆLTI ZARAPÚSTRA

- **Richard Wagner:** *Forleikur og Ástardauði Ísoldar*
  - **Haflíði Hallgrímsson:** *Sellókonsert*
  - **Richard Strauss:** *Also sprach Zarathustra*
- Stefan Solyom hljómsveitarstjóri  
Danjulo Ishizaka einleikari

### 24.02.11 » RÓMANTÍSKA SINFÓNÍAN

- **W. A. Mozart:** *Fíðlukonsert nr. 4*
  - **Anton Bruckner:** *Sinfónía nr. 4*
- Bertrand de Billy hljómsveitarstjóri  
Isabelle Faust einleikari

### 10.03.11 » RÚSSNESKA GOÐSÖGNIN

- **Alfred Schnittke:** *Fíðlukonsert nr. 4*
  - **Dmitrij Sjostakovitsj:** *Sinfónía nr. 8*
- Gennadij Rosdestvenskij hljómsveitarstjóri  
Alexander Rosdestvenskij einleikari





GUL TÓNLEIKARÖÐ

„Þegar Liszt leikur á flygilinn er eins og sjálft hljóðfærið hverfi sjónum manns; tónlistin ríkir ein.“

Heinrich Heine



RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



## UPPHAFSTÓNLEIKAR

Fös. 10.09.10 » 19:30

- **György Ligeti:** *Rúmenskur konsert*
- **Franz Liszt:** *Mefistö-vals nr. 1 og Totentanz*
- **Sergei Rakmaninoff:** *Rapsódía um stefeftir Paganini*
- **Ígor Stravinskíj:** *Eldfuglinn, svíta*

**Ilan Volkov** hljómsveitarstjóri  
**Víkingur Heiðar Ólafsson** einleikari

Árið 2011 verður því fagnað um víða veröld að 200 ár eru liðin frá fæðingu Franz Liszts. Af þessu tilefni leikur Víkingur Heiðar Ólafsson eitt af öndvegisverkum hans fyrir píanó og hljómsveit, hádramatískan dauðadans þar sem ekkert er gefið eftir í glímunni við kölska. Víkingur flytur einnig hina ástsælu Paganini-rapsódíu Rakmaninoffs, þar sem tónskáldið umbreytir einföldu stafi fiðlusnillingins á töfrandi hátt. Litrík balletttónlist Stravinskíjs við Eldfuglinn setur endapunktinn aftan við þessa fjörgu og fjölbreyttu efnisskrá.

Á upphafstónleikunum gefst tónlistarunnendum færi á að heyrja og sjá hinn frábæra stjórnanda Ilan Volkov munda sprotann. Volkov hlaut Gramophone-verðlaunin árin

2008 og 2009 og hlaut frábærar viðtökur á Proms-tónlistarhátíðinni 2009, enda má með sanni segja að hann sé á hátindi ferils síns um þessar mundir.

Sama má raunar segja um Víking Heiðar, sem var tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2009 fyrir listsköpun sína og hefur á undanförunum árum komið fram með nokkrum fremstu tónlistarmönnum heims, meðal annars Martin Fröst og flautuleikaranum Denis Bouriakov, en þeir munu halda tónleika í Carnegie Hall í desember næstkomandi. Upphafstónleikar SÍ eru því tilvalið tækifæri til að sjá skærustu píanóstjörnu Íslands í eðalformi.

## MAHLER OG STRAUSS

Fim. 16.09.10 » 19:30

- **Richard Strauss:** *Fjórir síðustu söngvar*
- **Gustav Mahler:** *Sinfónía nr. 1*

**Lionel Bringuier** hljómsveitarstjóri  
**Emma Bell** einsöngvari

Söngvarnir sem Richard Strauss samdi ári fyrir dauða sinn eru einhverjir þeir fegurstu sem settir hafa verið á blað, enda urðu þeir strax sígildir í bestu merkingu orðsins. Hér fléttar tónskáldið saman söng og hljóðfæra leik með áhrifamiklum hætti. Tónlistin hefur enda hljómað víða um heim og verið notuð í kvikmyndir, meðal annars í Óskarsverðlaunamyndina *The Hours*.

Á því leikur enginn vafi að Gustav Mahler var eitt merkasta sinfóníuskáld allra tíma. Í meðförum hans varð sinfónían risavaxinn heimur þar sem ólíkir heimar mætast. Fyrsta sinfónía hans er magnþrungin tónverk þar sem risastór sinfóníuhljómsveit fer á kostum, með kraftmiklum lúðraþyt í bland við ljúfa sveitadansa, auk þess sem Meistari Jakob skýtur upp kollinum þegar síst skyldi.

Lionel Bringuier var aðeins nítján ára þegar hann hreppti fyrstu verðlaun í Besançon-hljómsveitarstjórakeppninni árið 2005. Nú er hann orðinn einn eftirsóttasti ungi stjórnandi heims og hefur meðal annars stýrt filharmóníuhljómsveitunum í New York og Los Angeles. Hann debúteraði á Mostly Mozart-hátíðinni í júlí 2010 og það verður spennandi að sjá hvornig stórbrotin sinfónía Mahlers hljómar í meðförum hans.

Emma Bell er ein glæsilegasta sópran-söngkona Bretlands um þessar mundir og hefur sungið við Metropolitan, Covent Garden og Glyndebourne-óperuhúsin við frábærar undirtektir. Hún fékk standandi lófatak að launum þegar hún kom fram með Sinfóníunni í júní 2009 og nú snýr þessi hrífandi listakona aftur og flytur eitt af meistaverkum sinfónískrar söngtónlistar.



„Isabelle Faust er stórkostlegur tónlistarmaður. Heyrið hana ef þið getið!“

Gramophone, júní 2010.



RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ

ÝMSIR TÓNLEIKAR

## FAUST SPILAR STRAVINSKÍJ

Fim. 23.09.10 » 19:30

- **Maurice Ravel:** *Tombeau de Couperin*
- **Ígor Stravinskíj:** *Fíðlukonsert*
- **César Franck:** *Sinfónía í d-moll*

**Yan-Pascal Tortelier** hljómsveitarstjóri  
**Isabelle Faust** einleikari

Frakkland er í forgrunni á þessum tónleikum þótt tónskáldin komi víða að. Ravel samdi hina ægifygru hyllingu til barokkmeistarans Couperin meðan fyrri heimsstyrjöldin geisaði, og tileinkaði hvern þátt minningu vina sinna sem höfðu látið lífið á vígvellinum. Rúmum áratug síðar var Stravinskíj búsettur í París og samdi þar hinn frábæra fíðlukonsert sinn fyrir virtúósann Samuel Dushkin.

César Franck var fæddur í Belgíu en starfaði lengst af sem organisti og kennari í París. Þekktastur er hann fyrir margrómaða fíðlusónötu sína, en eitt helsta meistara- verk hans er *sinfónían í d-moll*, sem þótti sýna heiminum í eitt skipti fyrir öll að frönsk tónskáld stæðu þeim þýsku á sporði þegar kæmi að *sinfóníusmiðum*.

Isabelle Faust er einn eftirtektarverðasti fíðulleikari heims í dag og hljómdiskar hennar hjá Harmonia Mundi hafa sópað til sín viðurkenningum undanfarin ár. Í fyrra kom hún m.a. fram með Berlínarfílharmóníunni og á Proms-hátíðinni í Lundúnum, auk þess sem Gramophone valdi hljóðritun hennar á partítum Bachs disk mánaðarins. Faust leikur á svonefndan Þyrnirósar-Stradivarius frá árinu 1704, sem þykir ein besta fíðla ítalska meistarans.

Yan-Pascal Tortelier á ekki langt að sækja tónlistargáfuna, því að faðir hans var sellósnillingurinn Paul Tortelier. Yan-Pascal var aðalstjórnandi BBC-fílharmóníunnar um langt skeið og er nú aðalstjórnandi í São Paulo. Hann stjórnadi SÍ síðast á Listahátíð 1998 og margir hafa bedið þess með eftirvæntingu að hann sneri aftur.

## UNGSVEITIN

Lau. 02.10.10 » 17:00

- **Modest Músorgskíj:** *Nótt á nornagnípu*
- **Pjotr Tsjajkovskíj:** *Sinfónía nr. 4*

**Rumon Gamba** hljómsveitarstjóri

Það þótti marka tímamót í tónlistarlífi íslenskra ungmenna þegar Ungsveit SÍ tók til starfa haustið 2009. Eftir flutning tæplega hundrað ungmenna á fimmtu *sinfóníu Sjostakovitsj* ætlaði þakið hreinlega að rifna af Háskólabíói, og nú hefur verið ákveðið að námskeið í hljómsveitarleik verði fastur liður í starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar í framtíðinni.

Margoft hefur verið sýnt fram á að tónlistariðkun er sterkt afl í uppeldi og menntun ungs fólks, enda hafa nokkrar æskulýðshljómsveitir vakið heimsathygli á undanförunum árum. Þar má nefna Simon Bolívar-hljómsveitina í Venesúela sem Gustavo Dudamel stýrir, og hljómsveit araba og gyðinga, sem Daniel Barenboim hefur leitt með miklum myndarbrag.

Tvö öndvegisverk rússneskrar rómantíkur eru á enniskránni. Nótt á nornagnípu er innblásin af rússneskum sögnum um djöfladýrkun á Jónsmessunótt. Kölski sjálfur á fund með hópi norna, en þegar djöfulgangurinn stendur sem hæst heyrast kirkjuklukkur í fjarska og öfl hins illa leggja á flóttu.

Fjórða *sinfónía Tsjajkovskíj*s er ein sú dramatískasta sem hann samdi enda lýsir hann eigin sálarkvöllum í verkinu. Fyrsta og eina hjónaband tónskáldsins var hreinasta martröð og entist í heilar tvær vikur; sagan segir að eitt kvöldið hafi Tsjajkovskíj staðið klukkustundum saman í ánni Moskvu, staðráðinn í að drepa úr kulda. Það var í kjölfar þessara atburða sem hann samdi „örlagasinfóníu“ sína. Hún lætur engan ósnortinn, ekki síst í flutningi ungs fólks sem leikur eins og það eigi lífið að leysa.

## PORGY AND BESS®

Fim. 07.10.10 » 19:30  
Fös. 08.10.10 » 19:30

• **George og Ira Gershwin, DuBose og Dorothy Heyward:** *Porgy and Bess*®

**Wayne Marshall** hljómsveitarstjóri

**Rodney Clarke** Porgy

**Indira Mahajan** Bess

**Angela Renée Simpson** Serena/Maria

**Ronald Samm** Sportin Life

**Hljómeyki/ Kór Áskirkju**

**Magnús Ragnarsson** kórstjóri

Porgy and Bess er sannkallað tímamótaverk í tónlistarsögunni. Aldrei áður hafði bandarískt tónskáld gert líf blökkumanna að yrkisefni, og aldrei fyrr hafði söngleikjasmíður sett markið svo hátt hvað varðar listrænan metnað. Það tók Gershwin-bræðurna tvö ár að semja verkið, sem fjallar um ástir og örlög í suðrænu fátækrahverfi. Hin fagra Bess veit ekki í hvorn fótinn hún á að stíga; hún elskar hinn fatlaða Porgy sem þarf á henni að halda, en henni

reynist örðugt að venja sig af „gleðidufti“ sem Sportin Life útvegar henni. Örðuglega gekk að koma verkinu á svið enda mætti söguþráðurinn heiftarlegum fordómum og stórtap varð á fyrstu uppfærslunni. Hlutirnir snerust þó fljótlega við, ekki síst eftir að söngstjórnur á borð við Billie Holiday og Ella Fitzgerald tóku lögin upp á sína arma. Nú eru lögin úr Porgy and Bess löngu orðin ódauðleg: Summertime, I got plenty o' nuttin', Bess, you

is my woman now, It ain't necessarily so, og fjölmörg fleiri.

Hljómsveitarstjórinn Wayne Marshall er einn fremsti túlkandi tónlistar Gershwins á heimsvísu og fær hér til liðs við sig fjóra sannkallaða úrvalssöngvara. Rodney Clarke hefur sungið Porgy víða um heim og Indira Mahajan hlaut nýverið frábæra dóma fyrir túlkun sína á Bess við óperuna í Washington.

Sópransöngkonan Angela Renée Simpson var meðal þeirra sem stjórnandinn Nicolaus Harnoncourt valdi á nýlega hljóðritun sína af Porgy and Bess sem hefur verið tilnefnd til ótal verðlauna.

Ekki missa af einstæðu tækifæri til að sjá eitt af snilldarverkum bandarískrar tónlistar í glæsilegri uppfærslu með erlendum söngvurum í fremstu röð.

## GRÆN TÓNLEIKARÖÐ



Rodney Clarke



Indira Mahajan

*„Lífið er eins og djass...  
það er best að ímprovísera.“*

George Gershwin



LITLI TÓNSPROTINN

„Hve fagur er þinn tæri tónn,  
þú töfraflauta ljúfa...“

Emanuel Schikaneder

#### ÆVINTÝRIÐ UM TÖFRAFLAUTUNA

Lau. 23.10.10 » 14:00

Lau. 23.10.10 » 17:00

• **W.A. Mozart:** *Töfraflautan*

**Bernharður Wilkinson** hljómveitarstjóri  
**Herdís Anna Jónasdóttir** Pamina  
**Sveinn Dúa Hjörleifsson** Tamino  
**Jón Svavar Jósefsson** Papageno  
**Tinna Árnadóttir** Papagena  
**Hrund Ósk Árnadóttir** Næturdrottningin  
**Halldóra Geirharðsdóttir** sögumaður

Það er álit margra að Töfraflautan sé einhver fullkonnasta ópera sem samin hefur verið. Þar kemur bæði til stórfengleg tónlist Mozarts og skemmtilegt ævintýri þar sem kennir margra grasa. Prinsinn Tamino er fenginn til að bjarga hinni fögru Paminu úr klóm illmennis. En ekki er allt sem sýnist, og „mannræninginn“ Sarastro reynist bæði vitur og góðhartaður. Móðir Paminu er hins vegar hefnigjörn og illkvittin, enda Næturdrottningin sjálf. Eftir að hafa gengið í gegnum ýmsar þolraunir fá Tamino og Pamina loksins að eigast, og það sama gildir um káta fuglaveiðarann Papageno og kærustuna hans, Papagenu.

Sí flytur nú klukkustundar langa fjölskyldu-útgáfu af þessari vinsælustu ævintýraóperu allra tíma. Öll vinsælustu löggin fá að fljóta með, ekki síst hin ógleymanlega aría Næturdrottningarinnar, sem og tveir söngvar

sem allir þekkja en vita kannski ekki að eru upphaflega úr óperu Mozarts: „Hann Tumi fer á fætur,“ og sálmurinn sem hér á landi er sunginn við textann „Í dag er glatt í döprum hjörtum.“

Halldóra Geirharðsdóttir í hlutverki Barböru segir söguna af sinni alkunnu snilld, en ungir og bráðefnilegir söngvarar bregða sér í helstu hlutverkin. Öll stunda þau framhaldsnám við virta tónlistarskóla erlendis eða eru nýsnúin heim frá námi. Herdís Anna lærir í Berlín, Sveinn í Vínborg, en Jón Svavar lauk námi við óperudeild Universitæt für Musik und darstellende Kunst í Vínborg í júní 2007. Allir söngvarnir eru fluttir á íslensku og því er þetta kjörin skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

**Miðaverð 1.700 kr.**

Þórunn Ósk Marínósdóttir



GUL TÓNLEIKARÖÐ



#### ÞÚSUND OG EIN NÓTT

Fim. 28.10.10 » 19:30

- **Maurice Ravel:** *La valse*
- **Béla Bartók:** *Víóluksert*
- **Nikolai Rimskíj-Korsakov:** *Sheherazade*

**Petri Sakari** hljómveitarstjóri  
**Þórunn Ósk Marínósdóttir** víóla

Rimskíj-Korsakov var einn snjallasti útsetjari tónlistarsögunnar eins og heyrst glögg í Sheherazade sem byggir á ævintýrum úr Þúsund og einni nótt. Shakriar soldán er sannfærður um að allar konur séu svikular. Hann strengir þess heit að festa sér nýja brúði hvern dag og taka hana af lífi að morgni. Í þúsund og eina nótt þylur hin fagra Sheherazade hin ýmsu ævintýri soldáninum til mikillar skemmtunar, og tekst þannig að halda lífi. Rimskíj-Korsakov lætur einleiksfiðluna tákna Sheherazade, og því valdi Guðný Guðmundsdóttir einmitt þetta verk til að leika á kveðjutónleikum sínum sem konsertmeistari Sí, eftir þrjátíu og sex ára farsælt starf (sjá bls. 64).

Vorið 1939 var Béla Bartók orðið ljóst að Evrópa rambaði á barmi styrjaldar. Því sigldi hann til New York þar sem hann átti erfitt uppdráttar næstu árin. Haustið 1945 samdi

hann tvö síðustu meistaraverk sín helsjúkur af hvítblæði, þriðja píanóksertinn og lágfiðlukonsert sem átti að sanna að lágfiðlan væri verðugt einleikshljóðfæri ekki síður en fiðla eða selló. Það tókst svo sannarlega, því að konsertinn er stórglæsilegt verk í þeim áheyrliga stíl sem Bartók tamdi sér síðustu árin sem hann lifði.

Þórunn Ósk Marínósdóttir er einn fremsti víóluleikari landsins og hefur komið fram víða um heim bæði sem einleikari og í kammertónlist. Petri Sakari hefur starfað með Sí lengur en nokkur annar starfandi hljómveitarstjóri og sló síðast í gegn á loka-tónleikum Listahátíðar 2010 ásamt Kristni Sigmundssyni. Það er því vel við hæfi að þessi vinur Sinfóníuhljómveitarinnar skuli vera við stjórnlögin á kveðjutónleikum Guðnýjar Guðmundsdóttur.

## PÁLL ÓSKAR OG SINFÓ

Fim. 04.11.10 » 20:00

Fös. 05.11.10 » 20:00

**Bernharður Wilkinsson** hljómveitarstjóri

Ekki þarf að hafa mörg orð um hæfileika Páls Óskars á tónlistarsviðinu. Hann hefur sungið sig inn í hjörtu landsmanna allt frá barnsaldri, tekið þátt í Eurovision, átt fjöldan allan af slögurum, er eftirlætis plötusnúður þjóðarinnar og sló öll met í plötusölu með Silfursafninu vinsæla. Fyrr á þessu ári hélt hann upp á fertugsafmæli sitt og nú heldur hann einhverja


glæsilegustu tónleika sem sögur fara af. Öllu verður tjaldað til, og má til dæmis fullyrða að sjaldan hafi jafn margir óviðjafnanlegir búningar komið við sögu á einum og sömu tónleikunum. Færustu útsetjarar landsins hafa fært diskóslagarana í sífónískan búning og hér lítur Páll Óskar yfir ferilinn eins og honum einum er lagið.

Á efnisskrána hefur Páll Óskar valið vinsælustu lög sín gegnum árin og víst er að enginn verður svikinn, hvorki af flutningnum né glamúrnum sem ávallt fylgir söngvaranum. Á lagalistaðnum eru smellir á borð við Allt fyrir ástina, Þú komst við hjartað í mér, International, Ég er eins og ég er, og fjölmargir fleiri.

*„Tónlistin er ást í leit að orðum.“*

Sidney Lanier

## ÝMSIR TÓNLEIKAR






ÝMSIR TÓNLEIKAR

„Borgarljós er besta mynd sem gerð hefur verið.“

Orson Welles



LITLI TÓNSPROTINN



### CHAPLIN-BÍÓTÓNLEIKAR

Fim. 11.11.10 » 20:00

• **Charles Chaplin:** *Borgarljós (City Lights)*  
**Frank Strobel** hljómsveitarstjóri

Borgarljós frá árinu 1931 þykir vera eitt af meistaraverkum Chaplins, enda var myndin nærri þrjú ár í vinnslu. Með myndinni sýndi Chaplin heiminum að þöglar kvikmyndir ættu enn tilverurétt, en tvö ár voru þá liðin frá því að talmyndin hóf sigurför sína um heiminn. Meðal gesta á frumsýningunni var Albert Einstein, og Chaplin sagðist hafa sannfærst um ágæti myndarinnar eftir að hann sá viðbrögð Einsteins. Borgarljós voru eftirlætis mynd Orson Welles, og á lista Stanley Kubricks yfir fimm bestu myndir allra tíma er hún í fimmta sæti.

Í myndinni er Chaplin sem fyrr í hlutverki flækingsins, sem í þetta sinn fellur fyrir fallegri blindri blómasölustúlku. Hún telur hann vera vellauðugan hertoga, og þegar hann fréttir af

því að uppskurður geti fært henni sjónina aftur gerir hann allt sem hann getur til að afla fjárens. Þessi ásetningur hans hefur margs konar ævintýri í för með sér, auk þess sem útkoman er önnur en sú sem flækingurinn hafði séð fyrir. Chaplin samdi sjálfur tónlistina en hann var sjálfærður sellóleikari og tónskáld.

Frank Strobel er einn helsti sérfræðingur heims á sviði kvikmyndatónlistar og hefur lyft grettistaki þegar kemur að því að rannsaka og varðveita tónlist við meistaraverk þöglu kvikmyndanna. Hann er þaukunnugur kvikmyndum Chaplins og ferðast um heiminn til að stjórna þeim með lifandi sífónískum undirleik, sem gefur verkum meistarans nýja og glæsilega vídd.

### TVÖBÍÓ MEÐ CHAPLIN

Lau. 13.11.10 » 14:00

• **Charles Chaplin:** *Hundalíf (A Dog's Life)*  
• **Charles Chaplin:**  
*Iðjuleysingjarnir (The Idle Class)*  
**Frank Strobel** hljómsveitarstjóri

Yngsta kynslóðin hefur ávallt gaman af að sjá hinar sígildu myndir meistarara Chaplins. Sífónían leikur undir tveimur frábærum myndum sem börn á öllum aldri geta haft gaman af. Í Hundalífi er það hundurinn Scraps sem hjálpar flækingnum Chaplin og söngkonunni Ednu til betra lífs. Í Iðjuleysingjunum fer flækingurinn í frí og ætlar sér að leika golf í góðu veðri. En hlutirnir flækjast þegar vellauðug kona í sveitaklúbbi ruglast á Chaplin og eiginmanni sínum, með ævintýralega myndum afleiðingum.

Miðaverð 1.700 kr.

„Dagur án hláturs er ónýtur dagur.“

Charlie Chaplin









GRÆN TÓNLEIKARÖÐ

„Ég trúi á Guð, Mozart og Beethoven.“

Richard Wagner



GUL TÓNLEIKARÖÐ



## EFTIRLÆTIS KLASSÍK

Fim. 18.11.10 » 19:30

- **Joseph Haydn:** *Sinfónía nr. 49, 'Passione'*
- **W.A. Mozart:** *Píanókoncert í d-moll, K. 466*
- **Ludwig van Beethoven:** *Sinfónía nr. 1*

**Giovanni Antonini** hljómstjórnari  
**Robert Levin** einleikari

Haydn, Mozart og Beethoven voru meðal mestu tónsnillinga sögunnar, og á þessum tónleikum hljómar úrval af frábærum verkum þeirra. Passíu-sinfónía Haydns er óvenju hugmyndaþrik og ruddi nýja braut á sinni tíð, og sama má segja um fyrstu sinfóníu Beethovens, sem lagði grunninn að því sem koma skyldi hjá einu mesta sinfónískáldi allra tíma. Píanókoncert Mozarts er hádramatískur og einn af aðeins tveimur sem hann samdi í moll, en hann slær einnig á lýriska strengi í hæga þættinum, Rómönsunni sem margir tónlistarunnendur kannast við og sem var notuð á eftirminnilegan hátt í kvikmyndinni Amadeus.

Á þessum tónleikum koma fram tveir listamenn sem sérhæfa sig í flutningi eldri tónlistar og hafa hlotið einróma lof fyrir snilli sína. Giovanni

Antonini stýrir ítalska tónlistarhópnum Il Giardino Armonico og hefur stjórnað flutningi á metsöludiskum Ceciliu Bartoli, meðal annars diskir með árum Vivaldis sem hlaut Grammy-verðlaun árið 2000.

Robert Levin vakti mikla og verðskuldaða athygli þegar hann lék þriðja píanókoncert Beethovens með SÍ vorið 2008 og fagnaðarefni að hann skuli nú snúa aftur til landsins. Levin er prófessor í tónlist við Harvard og sérhæfir sig í flutningi verka eftir Mozart og Beethoven. Hann er einn örfárra núlifandi pianista sem hafa það fyrir sig að leika kadensur einleikskoncerta af fingrum fram eins og tíðkaðist á tímum tónskáldanna sjálfra. Það er því engin leið að vita hvað gerist í flutningi hans á konserti Mozarts, en þó er víst að þar verður á ferð glæsileg spunaveisla í klassískum stíl.

## RÓMEÓ OG JÚLÍA

Fim. 25.11.10 » 19:30

- **Jean Sibelius:** *Elskhuginn (Rakastava)*
- **Felix Mendelssohn:** *Fiðlukonsert í e-moll*
- **Sergei Prokofiev:** *Rómeó og Júlía*

**James Gaffigan** hljómstjórnari  
**Helga Þóra Björgvinsdóttir** einleikari

Balletttónlist Prokofíevs við Rómeó og Júlíu er eitt hans ástsælasta verk, en forráðamenn Bolsjoj-ballettsins höfðu allt á hornum sér þegar þeir heyrðu tónlistina í fyrsta sinn. Þetta var ástæða þess að tónskáldið setti saman hinar vinsælu ballettsvítur sem fóru sigurför um heiminn. Prokofiev vildi snerta hjörtu hlustenda með tónlist sinni og sagði meðal annars: „Ef fólk tekst ekki að finna laglínur og tilfinningu í þessu verki mun ég taka það mjög nærri mér – en ég er raunar fullviss um hið gagnstæða.“

„Mig langar að semja fiðlukonsert handa þér næsta vetur. Það er einn í e-moll sveimandi um í höfðinu, og upphafið lætur mig hreinlega ekki í friði.“ Svo skrifaði Mendelssohn fiðlusnillingnum Ferdinand David árið 1838. Sex árum síðar var einn dádasti fiðlukonsert allra tíma í höfn, eina verk tónskáldsins í því formi sem er fastagestur í tónleikasöllum heimsins.

Helga Þóra Björgvinsdóttir lauk framhaldsnámi í fiðluleik í Berlín hjá Isabelle Faust með hæstu einkunn og hefur undanfarin ár stundað nám í París. Hún hlaut frábærar viðtökur þegar hún lék fiðlukonsert eftir Martinu með SÍ snemma árs 2009 og nú snýr hún aftur með Mendelssohn í farteskinu.

Þegar James Gaffigan stjórnaði SÍ haustið 2008 var hann ungur og efnilegur; nú er hann einn eftirsóttasti hljómstjórnari af yngri kynslóðinni og í þann mund að taka við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómstjórnunarinnar í Luzern. Hann var aðstoðarmaður Michaels Tilson Thomas í San Francisco, hlaut fyrstu verðlaun í Solti-hljómstjórnaraðlokuninni árið 2004, og hefur komið fram sem gestastjórnandi með mörgum helstu hljómstjórnunum heimis.

## PETRENKO STJÓRNAR MAHLER

Fim. 02.12.10 » 19:30

- **Franz Schubert:** Ófullgerða sínfónían
- **Gustav Mahler:** Sínfónía nr. 5

Vasily Petrenko hljómsveitarstjóri

Rússneski hljómsveitarstjórinn Vasily Petrenko hefur lagt heiminn að fótum sér á síðustu árum með tilfinningaþrunginni túlkun sinni. Hann hóf ferilinn í Sankti Pétursborg og tók við stöðu aðalstjórnanda Konunglegu fílharmóníunnar í Liverpool árið 2006. Hann stjórnar reglulega hljómsveitum í Lundúnum, Boston, París og víðar, og mun á næstunni stýra óperum bæði við Glyndebourne og Parísaróperurnar. Hljóðritun hans á Manfreð-sínfóníu Tsja-

kovskijs hlaut Gramophone-verðlaunin sem besti hljómsveitardiskur ársins 2009.

Að loknum flutningi Petrenkos á fimmtu sínfóníu Mahlers árið 2008 skrifaði David Fanning, gagnrýnandi The Telegraph: „Af öllum túlkunum á verkinu sem ég hef heyrt um ævina hafa fáar verið jafn sannar, og engin verðskuldað betur þrumandi lófatakið í lokin en einmitt þessi.“

Enginn veit hvers vegna Schubert lagði frá sér sínfóníuna sem hann var með í smíðum í október 1822, eftir að hafa aðeins lokið við tvo þætti af fjórum. Hann lifði í sex ár enn, en tók aldrei upp þráðinn á ný. Eftir stendur hálf sínfónía sem er samt ríkari að innihaldi en margar heilar, enda er sínfónían eitt frægasta tónverk sögunnar og ekki að ástæðulausu.

Fáir kunnu betur listina að semja fyrir stóra sínfóníuhljómsveit og Gustav Mahler, og fimmta sínfónía hans er eitt glæsilegasta hljómsveitarverk sögunnar. Tónlistin spannar allt litróf manlegra tilfinninga, allt frá dramatískum útfararmarsi upphafsþáttarins til glæsilegs lokakafla þar sem allt leikur á reiðiskjálfi. Vinsælasti hluti verksins er þó án efa hið ljúfsára Adagietto, sem margir þekkja úr kvikmynd Viscontis, Dauðinn í Fenejyum.

„Ég heyri sjaldan svo vonða tónlist að hún segi mér ekki meira en talað orð.“

Halldór Laxness

## RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



Gustav Mahler



Vasily Petrenko

„Svo lengi sem við lifum,  
þá er aldrei nógur söngur.“

Marteinn Lúther

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ

## AÐVENTUTÓNLEIKAR

Lau. 11.12.10 » 17:00

• **Hátíðartónlist og vinsæl jólalög:** *Aríur úr Messíasi Händels og aðventukantötum Bachs, Jólakonsertinn eftir Corelli, Vakna, Síons verðir kalla, Maríusöngvar og jólatónlist úr ýmsum áttum.*

**Nicholas Kraemer** hljómsveitarstjóri  
**Katherine Watson** einsöngvari  
**James Gilchrist** einsöngvari

Fátt er betur til þess fallið en hátíðleg tónlist að koma manni í jólaskap. Á aðventutónleikum SÍ hljómar jólatónlist frá ýmsum tímum í flutningi tveggja breskra stórsöngvara, þar sem Bach, Händel, Corelli, Mozart og fleiri eiga sinn skerf.

Nicholas Kraemer hóf feril sinn sem sembal-leikari, en eftir að Enska kammersveitin bauð honum að taka við stjórninni á tónleika-ferðalagi varð ekki aftur snúið. Þegar hann stjórnaði í Berlín í fyrsta sinn skrifuðu þýsk blöð um „sigur Kraemers“, og íslenskir tónleikagestir hrifust ekki síður af töfrum hans þegar hann stjórnaði barokktónleikum SÍ haustið 2008.

Breski tenórsöngvarinn James Gilchrist er einn sá fremsti í sinni röð á heimsvísu. Hann hefur hljóðritað kantötur Bachs ásamt John

Eliot Gardiner, Ton Koopman og Masaaki Suzuki, og vakti stormandi lukku sem einn þriggja einsöngvara í Sköpuninni eftir Haydn í Háskólabíói vorið 2009. Nýleg hljóðritun hans á Malarastúlkunni fögru eftir Schubert var valin einn af diskum mánaðarins hjá breska tónlistartímaritinu Gramophone.

Sópransöngkonan Katherine Watson er ein skærasta stjarnan í hinum viðfræga hópi Les Arts Florissants sem starfar undir stjórn Williams Christie og hefur sett ný viðmið í flutningi barokktónlistar. Hún hefur sungið undir stjórn Christies, m.a. í Barbican í Lundúnum og Alice Tully Hall í New York, og hlotið mikið lof fyrir túlkun sína. Hún þykir flytja tónlist Bachs og Mozarts einstaklega fagurlega og þeir verða áberandi á efnisskrá hennar á aðventutónleikum SÍ.

LITLI TÓNSPROTINN

## JÓLATÓNLEIKAR

Lau. 18.12.10 » 14:00

Lau. 18.12.10 » 17:00

- **Leroy Anderson:** *Jólaforleikur*
- **Pjotr Tsajkovskíj:** *Þættir úr Hnotubrjótum*
- **Pablo de Sarasate:** *Sígaunaljóð*
- **Sígild jólalög**

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri  
**Hera Björk Þórhallsdóttir** einsöngvari  
**Hlér Kristjánsson** einleikari  
**Nemendur úr Listdanskóla Íslands Skólakór Kársness**  
**Þórunn Björnsdóttir** kórstjóri  
**Halldóra Geirharðsdóttir** kynnir

Það er einatt bros á hverju andliti á jóla-tónleikum Sinfóníunnar. Það er orðin árviss hefð að ungur og efnilegur einleikari stígi á stök með hljómsveitinni, og dansar úr Hnotubrjótum koma öllum í hátíðarskap. Þá má ekki gleyma Jólaforleiknum sívinsæla þar sem mörg eftirlætis jólalög hljóma hvert á fætur öðru, og trúðurinn Barbara heldur utan um allt saman og sér til þess að bæði börn og foreldrar skemmti sér konunglega.

Að þessu sinni var Hlér Kristjánsson, ungur fiðluleikari frá Akureyri, valinn úr hópi efnilegra tónlistarnema. Hann leikur Sígaunaljóð Sarasates, þar sem meðal annars er að finna lagið sívinsæla, Til eru fræ. Hera Björk vakti ótvíræða hrifningu með frammistöðu sinni í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, og syngur vinsæl jólalög af sinni alkunnu snilld.

Miðaverð 1.700 kr.






GRÆN TÓNLEIKARÖÐ

„Vals og vínglas eru prýðileg forskrift að uppklappi.“

Johann Strauss



ÝMSIR TÓNLEIKAR



#### VÍNARTÓNLEIKAR

Mið. 05.01.11 » 19:30  
 Fim. 06.01.11 » 19:30  
 Fös. 07.01.11 » 19:30  
 Lau. 08.01.11 » 17:00

Graeme Jenkins hljómsveitarstjóri  
 Hanna Dóra Sturludóttir einsöngvari

Vinsælustu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru hinir árlegu Vínartónleikar, enda þarf hvorki fleiri né færri en ferna tónleika til að allir komist að sem vilja. Dansandi flöskutappar, freyðandi kampavín, fallegir kjólar, reisin og glæsileiki eru einkenni Vínartónlistarinnar sem mörgum þykir ómissandi í upphafi árs.

Á Vínartónleikum 2011 hljómar sígild Vínartónlist úr ýmsum áttum. Þar má nefna Kampavínsþolkann, Dónárvalsinn sívinsæla og atriði úr Leðurblökunni. Þá verður flutt hljómsveitarsvíta úr óperunni Rósariddarinn eftir Richard Strauss, en fjölmargir Íslendingar sáu hana í uppfærslu Metropolitan-óperunnar í janúar 2010 þar sem Renée Fleming og Kristinn Sigmundsson fóru með aðalhlutverk.

Hanna Dóra Sturludóttir hefur undanfarin ár átt glæsilegan feril við þýsk óperuhús, meðal annars Ríkisóperurnar í Berlín og Hamborg. Hún hefur sungið í mörgum uppfærslum Íslensku óperunnar og hlaut einróma lof fyrir túlkun sína á söguhetjunni í Ariadne auf Naxos haustið 2007. Í Vínartónlist er hún á heimavelli og nú er komið að því að hún hrifi tónleikagesti SÍ með fögrum söng sínum og hrifandi framkomu.

Graeme Jenkins hefur stjórnað 106 ólíkum óperum víðsvegar um heiminn. Hann er aðalstjórnandi Dallas-óperunnar í Bandaríkjunum en hefur einnig komið fram m.a. í Glyndebourne, Covent Garden og Parísar-óperunni, og aðstoðað Bernard Haitink og Simon Rattle í uppfærslum þeirra.

#### UNGIR EINLEIKARAR

Fim. 13.01.11 » 19:30

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri  
 Einleikarar tilkynntir síðar

Sigurveggar úr einleikarakeppni Sinfóníuhljómsveitarinnar og Listaháskóla Íslands koma fram á þessum tónleikum sem alla jafna eru einhverjir þeir skemmtilegustu á árinu. Það er sannkallað gleðiefni hversu margir efni- legir tónlistarmenn leynast í skólum landsins og ávallt stór stund þegar nokkrir þeirra fá að stíga á svið með hljómsveitinni. Á þessum tónleikum ríkir ávallt sérstök spennan, eftirvænting og stolt yfir þeim mikla mannaúði sem íslensk þjóð býr yfir.

Þetta eru tónleikar sem áhugamenn um framtíð íslenskrar tónlistar láta sig ekki vanta á. Einleikarakeppni SÍ og LHÍ fer fram 29. og 30. október og í kjölfarið verða nöfn þeirra sem hreppa hnossið birt á heimasíðu Sinfóníuhljómsveitarinnar.

## KVIKMYNDATÓNLISTARVEISLA

Fim. 20.01.11 » 19:30

- **Bernard Herrmann**
- **Ennio Morricone**
- **Nino Rota**
- **Jonny Greenwood**

**Benjamin Shwartz** hljómsveitarstjóri

Kvikmyndatónleikar Sinfóníunnar á síðasta starfsári voru frábærlega sóttir og yfir 400.000 manns hafa séð myndskaið á YouTube þar sem Svarthöfði stjórnar tónlist úr Stjörnustríði. Nú endurtökum við leikinn með tónlist úr öðrum frægum kvikmyndum. Meðal annars verður flutt hljómsveitarsvíta úr Psycho eftir Bernard Herrmann, þættir úr Cinema Paradiso eftir Ennio Morricone og Guðföðurnum eftir Nino Rota. Auk þess verður

flutt tónverkið Popcorn Superhet Receiver eftir Jonny Greenwood úr Radiohead, sem hefur látið töluvert að sér kveða sem tónskáld á síðustu árum. Þetta tónverk hljómaði í Óskarsverðlaunamyndinni There Will Be Blood frá árinu 2007.

Bandaríski hljómsveitarstjórinn Benjamin Shwartz vakti fyrst verulega athygli þegar hann komst á verðlaunapall í Gustav Mahler-

hljómsveitarstjórakeppninni árið 2007, og hefur nú nýlukið þriggja ára samningi sem aðstoðarstjórnandi við Sinfóníuhljómsveitina í San Francisco. Hann stjórnaði SÍ í fyrsta sinn í mars 2009 í efnisskrá með verkum eftir George Gershwin og Leonard Bernstein, og snýr nú aftur með spennandi kvikmyndatónlist í farteskinu.

„Við verðum öll svo-  
lítið brjáluð af og til,  
ekki satt?“

Norman Bates

## ÝMSIR TÓNLEIKAR



The Godfather



Psycho



ÝMSIR TÓNLEIKAR

„Mig langar sífellt að  
prófa nýja hluti.“

György Ligeti



RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



## MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Fim. 27.01.11 » 19:30

- **Daníel Bjarnason:** *Birting*
- **Steingrímur Rohloff:**  
*Konsert fyrir bassaklarínnett*
- **Finnur Torfi Stefánsson:** *Fiðlukonsert*
- **György Ligeti:** *Atmosphères*

**Daníel Bjarnason** hljómsveitarstjóri  
**Rúnar Óskarsson** einleikari  
**Sigrún Eðvaldsdóttir** einleikari

Á Myrkum músíkdögum verður fjölbreytt efnisskrá að vanda. Daníel Bjarnason stjórnar tónleikunum og semur auk þess nýtt hljómsveitarverk, en þess er skemmst að minnast þegar Víkingur Heiðar frumflutti píanókonsert hans á Myrkum músíkdögum 2009 við feykigóðar undirtektir. Daníel hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli að undanförunu; hann var tilnefndur til Norrænu tónskáldaverðlaunanna fyrir verkið Bow to String, og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2010, bæði fyrir tónverk ársins og sem höfundur ársins.

Tveir nýir íslenskir konsertar hljóma á tónleikunum. Finnur Torfi Stefánsson, sem m.a. komst í úrslit Masterprize-tónsmíðakeppni Breska ríkisútvarpsins árið 2001, hefur samið fiðlukonsert handa Sigrúnu Eðvaldsdóttur sem

nú hljómar í fyrsta sinn. Íslensk-þýska tónskáldið Steingrímur Rohloff lærði tónsmíðar í Köln og París, og hefur hlotið ýmis verðlaun fyrir verk sín, meðal annars þýsku Bernd Alois Zimmermann-verðlaunin fyrir „melódíska andagift og glæsilega notkun hljómsveitarinnar“.

Atmosphères eftir György Ligeti er löngu orðið eitt af sígildu hljómsveitarverkum 20. aldarinnar. Ekki spillti heldur fyrir þegar Stanley Kubrick notaði það í mynd sína 2001: A Space Odyssey, að sögn af því hann hreifst af tímaleysinu sem verkið gefur í skyn. Verkið er heillandi hljóðmúr, settur saman af ótal tónum sem hljóma á sama tíma og gefa því sérkennilegan, dulúðugan og hrífandi blæ.

## STRÍÐ OG FRÍÐUR

Fim. 03.02.11 » 19:30

- **Krzysztof Penderecki:**  
*Harmljóð fyrir fórnarlömb Hiroshima*
- **Dmitrij Sjostakovitsj:** *Fiðlukonsert nr. 1*
- **Witold Lutoslawski:** *Konsert fyrir hljómsveit*

**Baldur Brönniman** hljómsveitarstjóri  
**Ari Þór Vilhjálmsson** einleikari



VINAFÉLAGIÐ  
SÚPA & SPIJALL

Það var ekki tekið út með sældinni að vera tónskáld í Sovétríkjunum á Stalín-tímanum. Árið 1948 var Sjostakovitsj úthúðað á tónskáldþingi og nokkur lykilverk hans bönnuð. Hann var með fiðlukonsert í smíðum handa David Oistrakh en vissi sem var að innihaldið myndi ekki falla yfirvöldum í geð. Konsertinn beið í skúffunni þar til Stalín lést sjö árum síðar, en þykir nú eitt áhrifamesta verk meistarans.

Ari Þór Vilhjálmsson stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum og hefur vakið mikla athygli fyrir fagaðan leik sinn á undanförunum árum. Hann var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna í flokknum Bjartasta vonin árið 2004 og er eini Íslendingurinn sem hefur hlotið þá upphæfð að vera konsertmeistari norrænu ungmennahljómsveitarinnar Orkester Norden. Baldur Brönniman er einn fremsti stjórnandi

nýrrar tónlistar víða um heim og hlaut nýverið frábærar umsagnir gagnrýnenda fyrir að stjórnna Le grand macabre eftir Ligeti við Ensku þjóðaróperuna. Brönniman stjórnaði Sí síðast á 70 ára afmælistónleikum Atla Heimis Sveinssonar, en Morgunblaðið útnefndi þá tónleika einmitt meðal bestu tónleika ársins 2009.

Á efnisskránni hljóma einnig tvö önnur verk sem tengjast hörmungum síðari heimsstyrjaldarinnar, en Lutoslawski tapaði nær öllum tónsmíðum sínum í eyðileggingunni í Varsjá. Harmljóð Pendereckis er löngu komið í sögubækurnar enda hljóðheimur þess bæði heillandi og ógnvænlegur. Tónskáldið sagði sjálft um verk sitt: „Ég óska þess að Harmljóðið færi þau skilaboð til heimsins að hörmungarnar í Hiroshima megji aldrei gleymast.“

## SVO MÆLTI ZARAÞÚSTRA

Fim. 10.02.11 » 19:30

- **Richard Wagner:** *Forleikur og Ástardauði Ísoldar, úr Tristan og Ísold*
  - **Hafliði Hallgrímsson:** *Sellókonsert*
  - **Richard Strauss:** *Also sprach Zarathustra*
- Stefan Solyom** hljómsveitarstjóri  
**Danjulo Ishizaka** einleikari

Hið stórfenglega upphaf að Zaráþústra, mögnuðu tónaljóði Richards Strauss, naut hylli tónlistarunnenda löngu áður en Stanley Kubrick notaði það í 2001: A Space Odyssey. Það þarf enginn að velkjast í vafa um að glæsilegri notkun á hljómsveitinni er vandfundin; og sama má raunar segja um hinn ægifagra ástardauða Ísoldar úr óperu Wagners sem þykir eitt áhrifamesta atriðið í gervallri óperusögunni.

„Tónlist Wagners er betri en hún hljómar.“

Mark Twain

Auk þessara hárómantísku verka flytur Sinfónían sellókonsert eftir Hafliða Hallgrímsson, sem er eitt af hans glæsilegustu verkum. Verkið var samið 2003 og pantað í sameiningu af SÍ, Óslóarfílharmóníunni og Skosku kammer-sveitinni. Umsagnir gagnrýnenda voru allar á einn veg: The Times kallaði konsertinn „stórkostlega nýja viðbót á verkaskrá sellósins“ og gagnrýnandi Daily Telegraph líkti litanotkun

Hafliða við meistara myndlistarinnar, Rembrandt og Caravaggio.

Þýsk-japanski sellóleikarinn Danjulo Ishizaka vakti stormandi lukku þegar hann lék með SÍ vorið 2008 og í millitíðinni hefur hann slegið í gegn, bæði í Carnegie Hall og á Verbier-hátíðinni í Sviss. Hann hefur flutt konsert Hafliða víða um heim á undanförunum árum

og kemur nú til Íslands og leikur verkið á Stradivarius-sellóíð sitt, „Lord Aylesford“, sem svo sannarlega er komið til ára sinna, smíðað árið 1696.



## GUL TÓNLEIKARÖÐ



Danjulo Ishizaka




Stefan Solyom







RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



GUL TÓNLEIKARÖÐ

## GERSTEIN SPILAR BRAHMS

Fim. 17.02.11 » 19:30

- **Robert Schumann:** *Sinfónía nr. 4*
- **Johannes Brahms:** *Píanókoncert nr. 2*

Louis Langrée hljómsveitarstjóri  
Kirill Gerstein einleikari

Seinni píanókoncert Johannesar Brahms er eitt stærsta og kröfuharðasta verk tónskáldsins, og um leið eitt það dádasta, ekki aðeins fyrir kraftmikil virtúósatilþrif heldur einnig ljúfsárar stemningar sem minna á kammertónlist, enda er hægi þátturinn sérlega áhrifaríkur dúett fyrir píanó og einleiksselló. Þessi magnaði koncert hefur ekki heyrst á Íslandi í áratug og löngu kominn tími til að hann hljómi á ný.

Louis Langrée hefur verið listrænn stjórnandi Mostly-Mozart hátíðarinnar í New York frá árinu 2002 auk þess sem hann stýrir hljómsveitum víða um heim. Íslenskt tónlistar-áhugafólk hefur kannski séð hann stjórna óperum í útsendingum Metropolitan-óperunnar þar sem hann er fastagestur og þykir ná einstöku sambandi við þá frábæru hljómsveit. Þá stjórnar hann við La Scala í

Mílanó, á Proms-hátíðinni í Lundúnum og Mozart-vikunni í Salzburg, og hlaut verðlaun Royal Philharmonic Society ásamt Sir Simon Rattle árið 2001 fyrir besta óperuflutning á árinu.

Gilmore-píanóverðlaunin, sem nema um 40 milljónum króna, eru einhver þau óvenju-legustu í klassíska tónlistarheiminum. Hvorki er um að ræða keppni né umsóknafæri, heldur ferðast leynileg dómnefnd um heiminn og velur listamann sem þykir hafa „einstaka tónlistar-gáfu og útgeislun“. Meðal fyrri verðlaunahafa er Leif Ove Andsnes, en rússneski píanistinn Kirill Gerstein hlaut verðlaunin árið 2010 og kom fáum á óvart. Gerstein þykir einn fremsti Brahms-túlkandi yngri kynslóðarinnar og hefur m.a. komið fram með stjórnendum á borð við Gustavo Dudamel og Charles Dutoit.

## RÓMANTÍSKA SINFÓNÍAN

Fim. 24.02.11 » 19:30

- **W.A. Mozart:** *Fíðlukonsert nr. 4*
- **Anton Bruckner:** *Sinfónía nr. 4, Rómantíska sinfónían*

Bertrand de Billy hljómsveitarstjóri  
Isabelle Faust einleikari



Isabelle Faust er staðarlistamaður Sinfóníu-hljómsveitar Íslands 2010-11 og heimsækir hljómsveitina því tvisvar á starfsárinu (sjá bls. 20). Hún þykir frábær Mozart-túlkandi enda bar hún sigur úr býtum í Leopold Mozart-fíðlukeppninni á unglingsárum. Fjórði fíðlu-konsertin er sólríkur og skemmtilegur og vísir er að margir bíða þess með eftirvæntingu að heyra hann í flutningi þessa margverðlaunaða einleikara.

Anton Bruckner var lengi að finna sína réttu braut í tónsmíðunum. Hann stóð á fimmtugu þegar hann loksins hitti rækilega í mark með fjórðu sinfóníu sinni árið 1874. En biðin var þess virði; sú fjórða er enn ein vinsælasta sinfónía Bruckners enda bæði kraftmikil og leyndardómsfull, og gefur hljómsveitinni færi á að sýna sínar bestu hliðar. Ragnar í Smára

sagði eitt sinn um sinfóníur Bruckners að þær væru „ótæmandi svölun eirðarlausum listdýrkendum, jafnvel norður á Íslandi“.

Bertrand de Billy er einn eftirsóttasti hljómsveitarstjóri Evrópu um þessar mundir. Hann er aðalstjórnandi Útvarpshljómsveitarinnar í Vínarborg, og hefur stýrt hljómsveitinni á tónlistarhátíðum víða um heim, m.a. árlega á hinni glæsilegu Salzburgarhátíð. Bertrand de Billy var aðalstjórnandi Teatro del Liceu í Barcelona um árabíl og hefur einnig stjórnað margsinnis við Metropolitan-óperuna, meðal annars Rómeó og Júlíu eftir Charles Gounod, þar sem Kristinn Sigmundsson fór með hlutverk Bróður Lárens.

## NORNIR OG TÖFRAMENN

Lau. 03.03.11 » 14:00

- **Músorgskj/Ravel:** *Baba Jaga*
- **Edvard Grieg:** *Í höll Dofrakonungs*
- **H.K. Gruber:** *Rottusöngur úr Frankenstein*
- **Gustav Holst:** *Töframaðurinn Úranus*
- **Manuel de Falla:** *Töframaðurinn Amor*
- **John Williams:** *Tónlist úr Harry Potter*
- **Richard Wagner:** *Valkyrjureiðin*

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri  
**Bergþór Pálsson** söngvari  
**Halldóra Geirharðsdóttir** kynnir

„Ó, tónlistin! Hún býr yfir meiri töfrum en við öll til samans.“

Albus Dumbledore, Harry Potter og viskusteinninn.

Nornir og töframenn taka völdin á þessum fjölskyldutónleikum Sinfóníunnar þar sem kennir margra grasa. Við heyrum í rússnesku norninni Baba Jaga, sem flýgur um á kústskafti og hnuplar börnum, heyrum norskan trölladans úr leikhústónlist Griegs við Pétur Gaut, auk þess sem sjálfur Frankenstein verður sérstakur gestur á tónleikunum.

En það eru líka til góðir töframenn, til dæmis Úranus, en einn kaflinn úr Plánetunum eftir Gustav Holst er einmitt tileinkaður honum. Amor, ástarguðinn, er vitaskuld einnig mikill töframaður og vegir hans eru sannarlega órannsakanlegir. Manuel De Falla samdi skemmtilegan ballett og úr honum leikur Sinfónían hressilegan elddans. Harry Potter er þó líklega eftirlætis töframaður yngstu kynslóðarinnar og hljómsveitin leikur kafla

úr áhrifamikilli kvikmyndatónlistinni eftir John Williams.

Valkyrjur eru einnig gæddar töfrum, en í norrænni goðafræði voru það þær sem ákváðu hverjir skyldu falla í bardaga og búa í Valhöll. Tónleikunum lýkur á hinni sívinsælu Valkyrjureið Wagners, þar sem öll hljómsveitin leikur af fullum krafti og lýsir því þegar dætur Óðins fljúga um loftin blá.

## LITLI TÓNSPROTINN



## RÚSSNESKA GOÐSÖGNIN

Fim. 10.03.11 » 19:30

- **Alfred Schnittke:** *Fiðlukonsert nr. 4*
- **Dmitrj Sjostakovitsj:** *Sinfónía nr. 8*

Gennadíj Rosdestvenskíj hljómsveitarstjóri  
Alexander Rosdestvenskíj einleikari

Gennadíj Rosdestvenskíj er goðsögn í lifanda lífi, enda mun óhætt að segja að tónleikar hans á Listahátíð í Reykjavík vorið 2009 hafi hrist rækilega upp í íslenskum tónlistarunnendum. Jónas Sen tók svo djúpt í árinna í gagnrýni sinni í Morgunblaðinu að segja að tónleikarnir væru með þeim bestu sem hljómsveitin hefði nokkru sinni haldið, enda voru þeir á lista gagnrýnenda yfir bestu tónleika ársins. Rosdestvenskíj var

sjálfur hæstánægður með dvölinna, lýsti því yfir að SÍ væri ein besta hljómsveit heims og að hann hefði sjaldan verið jafn djúpt snortinn eftir tónleika.

Það leið heldur ekki á löngu þar til Rosdestvenskíj hafði samþykkt að taka við starfi aðalgestastjórnanda SÍ og nú er hann væntanlegur til Íslands ásamt syni sínum og eigin-

konu og býður til tveggja vikna rússneskrar tónlistarveislu. Þar ber hæst hina kynngimögnuðu 8. sinfóníu Sjostakovitsj, sem kom sovéskum ráðamönnum í opna skjöldu og fór beint á svarta listann í Kreml, en þykir nú eitt helsta sinfóníska meistaraverk 20. aldarinnar.

Alfred Schnittke var eitt mesta tónskáld Sovétríkjanna á síðustu áratugum 20. aldar, og

*„Frá sjónarhóli alþýðunnar er áttunda sinfónían alls engin tónlist.“*

Vladimir Zakharov, ritari Tónskáldafélags Sovétríkjanna, um sinfóníu Sjostakovitsj.

persónulegur vinur Rosdestvenskíj-fjölskyldunnar. Fiðlukonsertin nr. 4, saminn fyrir Gidon Kremer árið 1984, þykir eitt af meistaraverkum hans. Alexander Rosdestvenskíj hefur erfitt tónlistargáfur foreldra sinna, enda lýsti Yehudi Menuhin því yfir að hann væri „einn hæfileikaríkasti og fágaðasti fiðluleikari sinnar kynslóðar“.

## RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



Gennadíj Rosdestvenskíj



Alexander Rosdestvenskíj



GUL TÓNLEIKARÖÐ

### POSTNIKOVA LEIKUR PROKOFÍEV

Fim. 17.03.11 » 19:30

- **Nikolaj Míaskovskij:** *Sinfónía nr. 8*
- **Sergei Prokofiev:** *Píanókonsert nr. 2*
- **Sergei Prokofiev:** *Þættir úr Rómeó og Júlíu*

**Gennadíj Rosdestvenskij** hljómveitarstjóri  
**Viktoria Postnikova** einleikari

Eiginkona Rosdestvenskíjs, Viktoria Postnikova, hefur verið einn virtasti píanisti Rússlands um áratuga skeið og komst á verðlaunapall í frægum píanókeppnum á borð við Chopin-keppnina í Varsjá og Tsajkovskij-píanókeppnina í Moskvu. Hún hefur leikið 72 ólíka píanókonserta og eru líklega fáir núlifandi píanistar sem hafa jafn marga á efnisskrá sinni. Flutningur hennar á Mozart á Listahátíð 2009 var mörgum ógleymanleg upplifun en ekki verður síður eftirminnilegt að heyrna hana takast á við hinn feiknaerfiða konsert Prokofíevs.


Prokofíev samdi annan píanókonsert sinn árið 1913, þegar hann var enn við nám við Tónlistarháskólann í Sankti Pétursborg. Verkið er einkar kraftmikið og gerir gífurlegar kröfur til

„Að mínu mati á tónskáldið að þjóna mannkyninu og fegra mannlífið.“

Sergei Prokofiev

einleikarans, enda þótti áheyrendum nóg um við frumflutninginn þar sem Prokofíev sjálfur lék á flygilinn.

Nikolaj Míaskovskij hefur verið kallaður „gleymda“ símfónískáld Rússlands á 20. öldinni. Hann er týndi hlekkurinn milli Tsajkovskíjs og Sjostakovítsj, og samdi hvorki fleiri né færri en 27 símfóníur. Sú áttunda var samín á árunum 1924-25, þegar Míaskovskij var á hátindi frægðar sinnar, en síðar var hann fordæmdur af kommúnistaflokknum fyrir tónsmíðar sínar. Rosdestvenskij hefur mikið dálæti á tónlist Míaskovskíjs og óskaði sjálfur eftir því að fá að stjórna SÍ í fyrsta flutningi á símfóníu þessa gleymda meistara á Íslandi.



RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ

### OSMO OG KROUMATA

Fim. 24.03.11 » 19:30

- **Jón Leifs:** *Trilogía piccola*
- **Áskell Másson:** *ORA*
- **Ludwig van Beethoven:** *Sinfónía nr. 6, Sveitasinfónían*

**Osmo Vänskä** hljómveitarstjóri  
**Slagverkshópurinn Kroumata** einleikarar

Það er löngu tímabært að finnski meistarinn Osmo Vänskä endurnýji kynni sín af Símfóníuhljómssveit Íslands, en hann var aðalstjórnandi hennar á árunum 1993-96. Osmo hefur vakið mikla eftirtekt fyrir störf sín með Minnesota-hljómssveitinni, en hljóðritanir þeirra á símfóníum Beethovens hafa meðal annars hlotið Grammy-tilnefningar og einróma lof gagnrýnenda. New York Times sagði að hér væri komin „hin fullkomna Beethoven-túlkun okkar tíma“, og Musical America útnefndi hann nýlega hljómssveitarstjóra ársins fyrir afrek sín.

Osmo verður á heimavelli á tónleikunum, því að auk þess að stjórna Beethoven hefur hann látið sig íslenska tónlist miklu varða. Trilogía piccola eftir Jón Leifs er fyrsta stóra hljómssveitarverk íslenskrar tónlistarsögu, og hefur verið kallað „frumlegasti opus 1

sem Íslendingur hefur látið frá sér fara“. Þegar Osmo lét af starfi aðalstjórnanda Símfóníuhljómssveitarinnar í Lahti eftir 20 ára farsælan feril kaus hann að frumflytja á kveðjutónleikum sínum íslenskt tónverk, ORA eftir Áskel Másson.

Sænski slagverkshópurinn Kroumata er einn sá fremsti sinnar tegundar. Hann hefur haldið tónleika í yfir 40 löndum og frumflutt yfir 200 tónverk, og sameinar fyrsta flokks músíkalítet, rytmíska spennu og kraft í spilamennsku sinni. Eitt verkanna sem Kroumata hefur frumflutt er einmitt ORA, litríkur og glæsilegur konsert fyrir sex slagverksleikara og hljómssveit. Verkið hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2008 fyrir besta tónverk ársins, og það hljómar nú í fyrsta sinn hér á landi.

## HEYRÐU MIG NÚ!

Fös. 25.03.11 » 21:00

• **Steve Reich:** *Drumming*

**Slagverkshópurinn Kroumata  
og félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Heyrðu mig nú! er tónleikaröð sérstaklega ætluð þeim sem hafa gaman af nýrri, spennandi, krassandi tónlist. Tónleikarnir eru á föstudagskvöldum og taka um klukkustund, að þeim loknum er boðið upp á hressingu í anddyri Háskólabíós þar sem tónleikagestum gefst kostur á að spjalla við flytjendur kvöldsins.

Bandaríkjamaðurinn Steve Reich er einn af höfuðpaurum mínímalismans og eitt áhrifa-

mesta tónskáld síðustu áratuga. Breska dagblaðið The Guardian sagði Reich nýverið „einn fárra núlifandi höfunda sem sagt verður um að hafi breytt gangi tónlistarsögunnar“. Meðal þeirra sem hafa samið tónlist undir áhrifum hans má nefna Brian Eno og Sufjan Stevens. Reich hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir verk sín, hlaut meðal annars hin virtu Polar-verðlaun árið 2007 ásamt Sonny Rollins, og Pulitzer-verðlaunin 2009.

Drumming er almennt talið eitt helsta meistaraverk Reichs og hljómar nú á Íslandi í fyrsta sinn. Verkið er samið á árunum 1970–71, eftir ferðalag höfundarins til Afríku þar sem hann varð fyrir áhrifum af trommumeisturum í Ghana.

Drumming er samið fyrir einkar litríkan slagverkshóp: átta bongótrommur, þrjár marimbur, þrjú klukkuspil, tvær söngkonur og flautu-

„Í tónlistinni minni  
er púlsinn alltaf það  
mikilvægasta.“


Steve Reich

leikara. Þetta er kraftmikið verk þar sem allt litróf slagverksins fær að njóta sín: dynjandi trommutaktur í bland við ljúfa klukktóna.

Enginn áhugamaður um nýja og ferska tónsköpun má láta þessa tónleika framhjá sér fara.

**Miðaverð 1.500 kr.** Ónúmeruð sæti

## ÝMSIR TÓNLEIKAR



Heyrðu mig nú!  
Krassandi tónleikar fyrir ungt fólk.



GRÆN TÓNLEIKARÖÐ



GUL TÓNLEIKARÖÐ

„Það er ástæðulaust að örvænta um mannkynið þegar haft er í huga að Mozart var mennskur.“

Albert Einstein

#### UPPÁHALDS TSJAJKOVSKÍJ

Fim. 07.04.11 » 19:30

- **Pjotr Tsjajkovskíj:** *Capriccio italien*
- **Pjotr Tsjajkovskíj:** *Fiðlukonsert*
- **Pjotr Tsjajkovskíj:** *Sinfónía nr. 5*

**Christian Lindberg** hljómshveitarstjóri  
**Mikhail Simonyan** einleikari

Tónlist Tsjajkovskíjs á sérstakan sess í hjörtum tónlistarunnenda um allan heim. Hún er blóðheit, rússnesk fram í fingurgóma, en einnig yfirmáta ljóðræn enda var hann eitt þeirra tónskálda, ásamt Schubert, sem átti auðveldast með að finna lagræni gáfu sinni símfónískan búning.

Á þessum tónleikum hljóma þrjú af vinsælustu verkum Tsjajkovskíjs fyrir símfóníuhljómshveit. Ítalska kaprísan er skemmtiverk fyrir hljómshveit, fjörug syrpa ítalskra söngva sem varð til þegar tónskáldið dvaldist í Rómaborg sér til heilsubótar vorið 1880. Fiðlukonsertin er einn sá frægasti í gjörvallri tónlistarsögunni enda sýnir hann hljóðfærið í sínu allra besta ljósi. Þó var honum illa tekið í fyrstu, og virtúósinn Leopold Auer lét í ljósi efasemdir sínar um að verkið hentaði fiðlunni yfirleitt.

Það virðist allt útlit fyrir að Mikhail Simonyan bættist í hóp rússneskra stjórnufiðlara á borð við Maxim Vengerov og Vadim Repin. New York Times hefur hrósað honum fyrir „ljóðræna breidd og fullkomna tækni,“ og um spilamennsku hans hefur verið skrifað að hún minni á „David Oistrakh á góðu kvöldi“. Simonyan debúteraði í Lincoln Center aðeins 13 ára gamall og hefur síðan leikið víða um heim á Gagliano-fiðluna sína frá árinu 1769.

Básúnuvirtúósinn Christian Lindberg er löngu orðinn goðsögn í lífanda lífi. Hann hefur frumflutt yfir 300 ný tónverk, hljóðritað yfir 70 einleiksdiska, kemur fram sem einleikari og gestastjórnandi víða um heim og semur tónlist að auki. Það er óviðjafnanleg orka kringum þennan einstaka snilling sem ávallt er aúfúsgestur á íslenskum tónleikapalli.

#### MOZART OG BRAHMS

Fim. 14.04.11 » 19:30

- **Carl Maria von Weber:** *Oberon, forleikur*
- **W.A. Mozart:** *Fiðlukonsert nr. 5*
- **Johannes Brahms:** *Sinfónía nr. 1*

**Michal Dworzynski** hljómshveitarstjóri  
**Greta Guðnadóttir** einleikari

Mozart var framúrskarandi fiðluleikari og samdi heila fimm fiðlukonserta árið 1775 til að geta sýnt listir sínar á hljóðfærið í eigin tónlist. Að nítján ára piltur skuli hafa samið svo stórfenglega og fyrirhafnarlausu tónlist gengur kraftaverki næst. Fimmti konsertin er einna frægastur þeirra, bjartur og fagur með hressilegum tyrkneskum tilþrifum í lokapættinum. Greta Guðnadóttir stundaði framhaldsnám í New York og Flórída og lauk doktorsgráðu í fiðluleik árið 1995. Hún hefur leitt aðra fiðlu í Símfóníuhljómshveit Íslands í tæp 20 ár og komið fram með fjölmörgum kvartettum og öðrum kammerhópum.

„Ég mun aldrei semja símfóníu! Þú getur ekki ímyndað þér hvernig það er að heyra slíkan rísa þrammandi fyrir aftan sig.“ Þannig mælti Johannes Brahms, fullur örvæntingar yfir því

að feta í fótspor Beethovens sem símfóníuskáld. Fyrsta símfónía hans lét bíða eftir sér, enda er hún langt frá því að vera byrjendaverk. Tónlistin einkennist af ólgu, ljóðrænu, dramatík og dulúð, og lýkur með glæsilegum gleðisöng sem þykir minna á Óðinn til gleðinnar.

Pólski stjórnandinn Michal Dworzynski vakti heimsathygli þegar hann hreppti fyrstu verðlaun í Donatella Flick-keppninni árið 2006 og fékk í kjölfarið samning við Lundúnasímfóníuna. Hann stjórnaði tónleikum SÍ með Víkingi Heiðari í desember 2008 og vakti svo mikla hrifningu hljómshveitarinnar að honum var umsvifalaust boðið að snúa aftur.







Með Hörpu, nýja tónlistarhúsinu í Reykjavík, hefst nýtt skeið í sögu Sinfóníuhljómsveitarinnar og íslensks menningarlífs. Í fyrsta sinn í sextíu ára sögu sinni á Sinfóníuhljómsveit Íslands fastastað sem sæmir hljómsveit á heimsmælikvarða. Og loksins munu íslenskir tónleikagestir fá tækifæri til þess að hlýða á leik Sinfóníuhljómsveitarinnar í fullum hljóm-gæðum. Með fullkominni hljómvist og stærri sal opnast nýir og spennandi möguleikar.

Margir fremstu tónlistarmenn heims hafa látið hafa eftir sér að til Íslands vilji þeir gjarnan

koma en hér sé enginn tónleikasalur sem uppfyllir kröfur þeirra. Því er fyrirsjáanlegt að hægt verði að setja markið enn hærra hvað varðar listræn gæði, nú þegar Sinfónían fær listamennina, aðstöðuna og hljómvistina sem hún hefur svo sannarlega unnið fyrir á undanförunum áratugum.

Nú er unnið að því að fastsetja efnisskrá Sinfóníunnar í maí og júní 2011 og þegar er ljóst að þar munu allir finna eitthvað við sitt hæfi. Opnunin verður tvískipt: Vladimir Ashkenazy mun stjórna tónleikum 4. maí og fjölbreytt

opnunarhátíð Hörpu verður níu dögum síðar, 13. maí. Sinfónían mun halda stórtónleika í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík, auk þess að flytja tónlist af léttari toga með innlendum og erlendum tónlistarmönnum í fremstu röð.

Áskrifendur Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa að sjálfsögðu forgang þegar kemur að sætavali á fyrsta starfsári í nýja tónleikasalnum og verður nánar tilkynnt um fyrirkomulag miðasölu þegar nær dregur.

#### Tónsmíðasamkeppni

Harpa og Sinfóníuhljómsveit Íslands efna til samkeppni um nýtt tónverk sem frumflutt verður við vígslu Hörpu í maí 2011. Tónverkið skal vera 5-10 mínútur að lengd og samið fyrir sinfóníuhljómsveit. Í tilkynningu er tekið fram að verkið skuli „hæfa tilefninu og er mælt til þess að höfundar notfæri sér hin ýmsu fjölbreyttu litbrigði sinfóníuhljómsveitarinnar“.

Fimm manna dómnefnd skipuð fulltrúum Listráðs Hörpu, Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Tónskáldafélags Íslands, Félags tónskálda

og textahöfunda og Félags íslenskra hljómlistarmanna velur verkið sem ber sigur úr bítum. Úrslit verða kunngerð á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar á Myrkum músíkdögum, 27. janúar 2011.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðum Hörpu ([www.harpa.is](http://www.harpa.is)) og Sinfóníuhljómsveitar Íslands ([www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)).

Konsertmeistari í 36 ár



Ábyrgðarmesta starf innan hljómsveitarinnar þegar á hljómleikapallinn er komið er starf konsertmeistarans. Hann er leiðtogi hljómsveitarinnar allrar, jafnt inn á við sem út á við, og á hans herðum hvílir mikil ábyrgð hvort sem er í samleik eða skipulagi.



Guðný Guðmundsdóttir hefur gegnt stöðu konsertmeistara frá árinu 1974 en hún hefur nú ákveðið að láta af því starfi í lok október. Auk hennar hefur Sigrún Eðvaldsdóttir verið konsertmeistari frá árinu 1998 og mun hún gegna stöðunni ein um sinn þar til nýr konsertmeistari verður ráðinn við hlið hennar.

Framlag Guðnýjar Guðmundsdóttur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem konsertmeistari, leiðbeinandi og einleikari á sér vart hliðstæðu. Guðný sótti um stöðu 1. konsertmeistara Sinfóníunnar að loknu meistaranámi við Juilliard-tónlistarskólann í New York, en henni stóð á sama tíma einnig til boða staða í strengjakvartett og sem kennari við bandarískan háskóla. Hún var aðeins tuttugu og sex ára gömul, enda þóttu nokkur tíðindi þegar tilkynnt var í júní 1974 að „ung stúlka úr Kópavogi“, eins og það var orðað í dagblöðum, hefði unnið prufuspil um stöðu konsertmeistara. Guðný ákvað að taka atvinnutilboðinu frá Íslandi og á því leikur enginn vafi að hún hefur lyft grettistaki í tónlistarlífinu, bæði sem hljóðfæraleikari og kennari.

Guðný komst svo að orði í viðtali við Þjóðviljann í kjölfar ráðningarinnar: „Mér finnst mér hafa verið sýndur mikill heiður og traust með því að vera ráðin í þessa stöðu. Ég er búin að vera svo ógurlega lengi við nám og ég hlakka til að fá að spreyta mig á einhverju nýju. Nú gefst mér loksins tækifæri til að læra af lífinu sjálfu, takast á við hlutina á eigin spýtur, laus við skólaagann.“

Á kveðjutónleikum sínum sem 1. konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands mun Guðný leika einleik í Sheherazade eftir Rimskíj-Korsakoff, þar sem fiðlan er mjög í forgrunni þótt ekki sé um eiginlegan einleikskonsert að ræða.

Afmælisveisla fyrir Mahler



„Sinfónía þarf að vera eins og heimurinn. Hún þarf að innihalda allt.“ Þessi fleygu orð austurríska tónsnillingsins Gustavs Mahler þykja dæmigerð fyrir viðhorf hans til tónlistarinnar. Sinfóníur hans, alls níu að tölu, eru sannkallaður töfraheimur þar sem fjölbreyttustu stefnur og stílar eiga athvarf, hvort sem eru glæsilegir hápunktar eða lágróma barnagælur, hástemmdur lúðraþytur eða fjörug kletzmer-tónlist.

Gustav Mahler fæddist í júlí 1860 og andaðist í maí 1911. Því halda sinfóníuhljómsveitir um allan heim tvöfalda hátíð á starfsárinu 2010–11, til að minnast þess að 150 ár eru

liðin frá fæðingu hans og öld frá því að hann lést. Sinfónían hóf „Mahler-hringinn“ með því að flytja sinfóníu nr. 2, Upprisusinfóníuna, á afmælistónleikum sínum í Háskólabíói í mars síðastliðnum, ásamt einsöngvurum og Mótettukór Hallgrímskirkju. Undirtektir áheyrenda voru feykigóðar eins og við var að búast, og ljóst að mikil eftirvænting ríkir fyrir framhaldinu.

Á áskriftartónleikum starfsársins verða fluttar tvær sinfóníur Mahlers, nr. 1 og nr. 5. Báðar eru þær meðal vinsælustu verka hans enda með eindæmum glæsilegar og skemmtilegar áheyrnar. Á næstu misserum eiga tónleika-

gestir einnig von á að heyra sinfóníur nr. 4, 6 og 9, og fleiri munu síðan bætast við hver af annarri. Því geta tónlistarunnendur strax farið að hlakka til Mahler-veislunnar miklu sem mun standa í nokkur ár. Hún mun veita einstakt tækifæri til að heyra nokkrar af þeim mögnuðustu sinfóníum sem samdar hafa verið.



### Fjölskylduröðin

Sinfóníuhljómsveit Íslands leggur mikla áherslu á að rækta tónlistaráhuga yngri kynslóðarinnar með ýmsu móti og er óhætt að segja að viðbrögðin lofi góðu.

Fjölskylduröðin, Litli tónsprotinn, hefur laðað að sér unga aðdáendur á öllum aldri sem koma ár eftir ár á tónleika á laugardögum. Þar gefst yngstu tónlistarunnendum einstakt tækifæri til að kynna tónlistarinnar á klukkustundar löngum tónleikum.

### Skólatónleikar

Á hverju ári heldur hljómsveitin leik- og grunn-skólatónleika fyrir um 8000 ungmenni á aldrinum 4-16 ára við frábærar undirtektir. Að auki fáum við heimsóknir frá nemendum í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu sem koma á stutta tónleika á föstudagsmorgnum. Þar kynna einleikari eða stjórnandi verkið áður en talið er í.

### Ungsveitin

Sinfóníuhljómsveitin spilar ekki bara fyrir unga fólk, við viljum líka að þau fái tækifæri til að kynna tónlistinni á eigin skinni

og spila fyrir okkur. Í þeim tilgangi var Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands stofnuð síðastliðið haust. Fyrstu tónleikarnir voru haldnir 26. september í kjölfar tveggja vikna námskeiðs þar sem tónlistarnemar nutu leiðsagnar hljóðfæraleikara úr hljómsveitinni undir styrki stjórn Rumons Gamba. Tónleikarnir hlutu frábærar undirtektir áheyrenda og vöktu mikla athygli. Samstarf Ungsveitarinnar og Rumons Gamba var með slíkum ágætum að ákveðið var að bjóða upp á annað námskeið nú í haust undir hans leiðsögn og lýkur því með tónleikum laugardaginn 2. október í Háskólabíói.

Miklar kröfur eru gerðar til þátttakenda Ungsveitarinnar og í maí síðastliðnum voru haldin prufuspil þar sem yfir 130 hljóðfæranemar kepptu um sæti í Ungsveitinni. Aðstæður og umgjörð prufuspilanna var með sama hætti og þegar hljóðfæraleikarar prufuspila fyrir stöður í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þótt prufuspil reyni mikið á ungar taugar er það tónlistarnemum mikilvæg reynsla að glíma við aðstæður sem mögulega bíða þeirra sem leggja tónlistina fyrir sig. Markmiðið er að gefa íslenskum tónlistarnemum tækifæri til að kynna hinum símfóníska heimi undir leiðsögn þeirra fremstu í greininni. Ekkert námskeiðsgjald er innt af

hendi en meðlimir Ungsveitarinnar skuldbinda sig til að mæta vel undirbúnir á allar æfingar. Það hefur verið SÍ afar dýrmætt að fá að kynna því unga fólk sem leikur í Ungsveitinni og koma þannig með beinum hætti að tónlistarmenntun í landinu.

### Ungir einleikarar

Á hverju ári heldur Sinfóníuhljómsveitin í samstarfi við Listaháskóla Íslands einleikakeppni sem er opin öllum íslenskum tónlistarnemum á háskólastigi. Þeir hlutskörpustu í þeirri keppni fá að leika einleik með Sinfóníuhljómsveitinni á tónleikum 13. janúar undir yfirskriftinni



## FIMM STJÖRNU SINFÓNÍA

Flutningur SÍ lofaður í hástert

Útgáfuröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands með verkum franska tónskáldsins Vincents d'Indy heldur áfram að vekja athygli víða um heim. Á vordögum 2010 kom út þriðji hljómdiskurinn, þar sem er að finna þriðju sinfóníu tónskáldsins auk smærri verka, meðal annars Choral Varié fyrir saxófón og hljómsveit, þar sem Sigurður Flosason fer með einleikshlutverkið. Stjórnandi á disknum er Rumon Gamba.

Þegar hefur birst gagnrýni um diskinn í fjórum tónlistarblöðum og tímaritum, og er hún öll hin lofsamlegasta. Í aprílhefti BBC Music Magazine fær flutningur SÍ fimm stjörnur og sama gildir um hljóðritunina sem Georg Magnússon hafði veg og vanda af. Í umsögninni segir Roger Nichols að Rumon Gamba nái að laða fram sérlega skilningsríka spilamennsku úr hljómsveitinni og hrósar sérstaklega smærri verkunum sem hann segir að sýni best lagræna gáfu tónskáldsins.

Í ítarlegum dómi í International Record Review segir Richard Whitehouse að sinfónía d'Indys sé „merk uppgötvun“ og útgáfa hennar á disk

löngu tímabær. Hann segir að Gamba hitti ávallt naglann á höfuðið í túlkun sinni, og að flutningur Sinfóníuhljómsveitar Íslands sé slíkt afbragð að erfitt verði fyrir aðrar hljómsveitir að gera jafn vel.

Diskurinn fær fjórar stjörnur hjá Classic FM tímaritinu, þar sem segir að flutningur SÍ sé „skýr, rökréttur og vel mótaður“. Í The Observer segir Fiona Maddocks að „dásamlega tjáningarrík“ tónlistin njóti þess að vera frábærlega flutt af íslensku hljómsveitinni, svo að heildarútkoman sé „sérkennilega ávanabindandi“.

Fyrsti diskur SÍ í röðinni með hljómsveitarverkum d'Indys var tilnefndur til Grammy-verðlauna í desember 2008, og sá næsti var valinn einn af diskum mánaðarins í hinu virta tímariti Gramophone. Áformað er að Sinfóníuhljómsveit Íslands hljóðriti fjórða diskinn í röðinni í september næstkomandi.



## MIÐAVERÐ OG ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Sinfóníuhljómsveit Íslands 2010 / 11

### Miðaverð

3.900 kr. almennt miðaverð í sætaröðum 1-20  
3.400 kr. almennt miðaverð í sætaröðum 21-28

1.700 kr. tónleikar í Litla tónsprotanum  
4.700/4.400 kr. Vínartónleikar  
4.700/4.400 kr. Páll Óskar og Sinfó

Rauð tónleikaröð  
21.840/19.040 kr.

Gul tónleikaröð  
21.840/19.040 kr.

Græn tónleikaröð  
15.600/13.600 kr.

Litli tónsprotinn  
5.100 kr.

### Afsláttur

**Námsmenn** fá 50% afslátt af verði lausamiða ef keypt er samdægurs. Námsmenn og ungt fólk upp að 25 ára aldri fær 50% afslátt af Regnbogakortum.

**Börn** fimm ára og yngri fá frítt inn, að því gefnu að sæti séu ekki frátekin. Að öðrum kosti njóta þau sama afsláttar og námsmenn.

**Eldri borgurum** og örorkulífeyrisþegum býðst 10% afsláttur.

**Helmingsafsláttur** er af miðum í fjórar öftustu sætaraðirnar sem keyptir eru klukkutíma fyrir tónleika. (Gildir ekki á Litla tónsprotann).

**Hópafsláttur** er 10% fyrir 25-50 miða en 15% fyrir hópa stærri en 50.

### Almennar upplýsingar

Miðasalan í Háskólabíói er opin virka daga kl. 9-17 og fram að tónleikum á tónleikadegi. Á þeim tíma er einnig hægt að kaupa miða í síma **545 2500**. Einnig er hægt að kaupa miða á **www.sinfonia.is**. Athugið að ekki er hægt að bóka sérkjör eða afslætti á netinu.

Við minnum á **gjafabréf** Sinfóníuhljómsveitarinnar. Tilvalin tækifæris- eða jólagjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

**Aðgengi fyrir hjólastóla** er við hægri inngang í Stóra salnum.

**Veitingasala** er í hléi og fyrir tónleika í anddyri Háskólabíós.

Fyrir þá sem vilja fylgjast með starfsemi Sinfóníunnar er tilvalið að skrá sig á **póstlistann** á vef Sinfóníunnar og fá reglulega sendar fréttir af tónleikum og tilboðum. Einnig er hægt að gerast vinur Sinfóníunnar á **Facebook** og nálgast þannig fréttir af því sem er í farvatninu.

Á vef Sinfóníunnar, **www.sinfonia.is**, er ávallt að finna nýjustu upplýsingar og fréttir. Efnisskrár tónleika eru að öllu jöfnu settar inn tveimur dögum fyrir tónleika.

Hægt er að nálgast **upptökur** frá tónleikum á **ruv.is** og **sinfonia.is** í fjórar vikur frá tónleikadegi.

## FASTRÁÐNIR HLJÓÐFÆRALEIKARAR OG STARFSFÓLK

*Starfsárið 2010 – 2011*

**1. FIÐLA**  
Guðný Guðmundsdóttir  
*1. konsertmeistari*

Sigrún Eðvaldsdóttir  
*1. konsertmeistari*

Sif Tulinius  
*2. konsertmeistari*

Andrzej Kleina  
*3. konsertmeistari*

Ágústa María Jónsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Laufey Sigurðardóttir  
Lin Wei  
Margrét Kristjánsdóttir  
Martin Frewer  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Rósa Guðmundsdóttir  
Sigríður Hrafnkelsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik

**2. FIÐLA**  
Greta Guðnadóttir  
*leiðari*

Ari Þór Vilhjálmsson  
*staðgengill leiðara*

Christian Diethard  
Dóra Björgvinsdóttir  
Joanna Kozłura  
Kristján Matthíasson  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Mark Reedman  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Roland Hartwell  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Þórdís Stross

**VÍÓLA**  
Helga Þórarinsdóttir  
*leiðari*

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
*staðgengill leiðara*

Eyjólfur Alfreðsson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Kathryn Harrison  
Sarah Buckley  
Sesselja Halldórsdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson

**SELLÓ**  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
*leiðari*

Sigurgeir Agnarsson  
*staðgengill leiðara*

Auður Ingvadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Inga Rós Ingólfsdóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Margrét Árnadóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson

**BASSI**  
Hávarður Tryggvason  
*leiðari*

Páll Hannesson  
*staðgengill leiðara*

Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

**FLAUTA**  
Hallfríður Ólafsdóttir  
*leiðari*

Áshildur Haraldsdóttir  
*staðgengill leiðara*

Martial Nardeau

**ÓBÓ**  
Daði Kolbeinsson  
*leiðari*

Peter Tompkins

Matthías Nardeau  
*staðgengill leiðara*

**KLARINETT**  
Einar Jóhannesson  
*leiðari*

Rúnar Óskarsson  
*staðgengill leiðara*

Sigurður I. Snorrason

**FAGOTT**  
Rúnar Vilbergsson  
*leiðari*

Brjánn Ingason  
*staðgengill leiðara*

Hafsteinn Guðmundsson

**HORN**  
Joseph Ognibene  
*leiðari*

Emil Friðfinnsson  
*staðgengill leiðara*

Stefán Jón Bernharðsson  
*staðgengill leiðara*

Þorkell Jóelsson  
Lilja Valdimarsdóttir

**TROMPET**  
Ásgeir Steingrímsson  
*leiðari*

Einar Jónsson  
*staðgengill leiðara*

Eiríkur Örn Pálsson  
*staðgengill leiðara*

Guðmundur Hafsteinsson

**BÁSÚNA**  
Oddur Björnsson  
*leiðari*

Sigurður Þorbergsson  
*staðgengill leiðara*

Jessica Buzbee  
David Bobroff

**TÚBA**  
Tim Buzbee  
*leiðari*

**HARPA**  
Katie Buckley  
*leiðari*

**PÍANÓ**  
Anna Guðný Guðmundsdóttir  
*leiðari*

**PÁKUR**  
Eggert Pálsson  
*leiðari*

**SLAGVERK**  
Steef van Oosterhout  
*leiðari*

Frank Aarnink  
Árni Áskelsson

**STARFSMENN**  
Sigurður Nordal  
*framkvæmdastjóri*

Árni Heimir Ingólfsson  
*tónlistarstjóri*

Arna Kristín Einarsdóttir  
*tónleikastjóri*

Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*

Margrét Sigurðsson  
*fjármálafulltrúi*

Kristín Sveinbjarnardóttir  
*starfsmannastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótna- og skjalavörður*

Erla Magnúsdóttir  
*miðasala*

Grímur Grímsson  
*ráðsmaður*

Sigþór Guðmundsson  
*sviðsmaður*

Monika Abendroth  
*umsjónarmaður*

Henný Guðsteinsdóttir  
*kaffistofa*





Borgun auðveldar viðskipti og hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í 30 ár.



**BORGUN**

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | [www.borgun.is](http://www.borgun.is)

# VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitarar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | [vis.is](http://vis.is)



Eldgosið í Heimaey

Eldgosið á Fimmvörðuhálsi



# Tvennir tímar, ein þjóð

og fréttirnar sem flestir lesa

[mbl.is](http://mbl.is)

**Morgunblaðið**

— Meira fyrir lesendur



Komdu á Hótel Sögu fyrir eða eftir tónleikana. Grillið, Skrúður og Mímisbar eru fullkomnir staðir til að gera kvöldið enn eftirminnilegra.

**Radisson** BLU  
HOTEL SAGA, REYKJAVÍK

# Sinfónía bragðlaukanna

## Íslenskt í öndvegi

Í Skrúði er notalegt að setjast niður og njóta íslenskrar matargerðar eins og hún gerist best. Íslenski matseðillinn dregur fram gæði, ferskleika og bragð hins frábæra íslenska hráefnis.

## Notaleg stemning

Á Mímisbar er tilvalið að setjast niður og slaka á með drykk og njóta rólegrar stundar fyrir tónleika eða rífa þá upp að þeim loknum.

## Ógleymanleg kvöldstund

Grillið gerir kvöldið einstakt. Þar er þess ávallt gætt að gæðin séu í fyrirrúmi, þjónustan fyrsta flokks og umgjörðin glæsileg. Boðið er upp á 3ja rétta matseðil sem sameinar allt það besta í mat og drykk.



**Skrúður**  
bistro • restaurant • bar



Mímisbar



**Grillið**  
RESTAURANT

525 9900 • [skrudur.is](http://skrudur.is) • [grillid.is](http://grillid.is)



---

**BAKHJARLAR  
HLJÓÐFÆRAKAUPASJÓÐS**

*Sinfóníuhljómsveit Íslands færir þeim bestu þakkir*



---

**SAMSTARFSAÐILAR**

*Sinfóníuhljómsveit Íslands færir þeim bestu þakkir*



---

# SÉRHÆFÐ MEÐFERÐ Á VÖNDUÐUM FATNAÐI

---



FATAHREINSUN OG PRESSUN  
ÆGISSÍÐU 115 – 107 REYKJAVÍK  
SÍMI 552 4900  
WWW.FATAHREINSUN.IS

AÐALSTYRK TARADILAR

---

BORGUN



Morgunblaðið

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Háskólabíói við Hagatorg

Sími 545 2500

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)